Powershot S30 stafræn myndavél
Canon
Bókhlaðan
Canon
Verð kr. 69.900 m.vsk

ÓHÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

Miðvikudagur 16. apríl 2003 • 15. tbl. • 20. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 458 4580 • Veffang: www.bb.is • Netfang: bb@bb.is • Verð kr. 250 m/vsk

SAMKAUP
6 kjúklingabitar franskar og Coke 999,-
Páskaegg frá NOA SIRIUS fritt með
OPIÐ:
Skírdag kl. 10 - 21
Föstud. langa LOKAÐ
Laugardag kl. 10-21
Páskadag LOKAÐ
Annan í páskum kl. 12-21
Verið velkomin!
SAMKAUP
NEISTA
HAFNARSTRÆTI 9-13
SÍMI 456 5460

Grunnskólinn á Ísafirði

Tælenska kennd í tilraunaskyni

Nemendur í Ísafjarðarbæ sem eiga tælensku sem móðurmál eiga þess kost að sækja kennslu í tælensku einu sinni í viku fram á vor. Hér er um nýjung að ræða og segir Skarphéðinn Jónsson skólastjóri í Grunnskóla Ísafjarðar að verið sé að gera þessa tilraun fram á vorið en svo verði metið hvort framhald verði.

„Þá þarf að taka afstöðu til þess í fræðslunefnd hvernig þetta verði fjármagnað og slíkt“, segir Skarphéðinn. Á bilinu 5 til 10 grunnskólabörn úr Ísafjarðarbæ sækja móðurmálskennsluna sem er í höndum Pimonlask Rodpitake. „Þessi kennsla er mest til komin af hennar áhuga og frumkvæði“, segir Skarphéðinn.

Móðurmálskennsla fyrir börn af erlendum uppruna hefur tíðkast um nokkurt skeið í Grunnskólanum á Ísafirði. Einkum hefur það verið pólska og segir Skarphéðinn að tælenskan sé þörf viðbót.

Pimonlask (Pim) Rodpitake.

Gengur enn á skíðum til heiða fram eftir öllu sumri

– rætt við Gunnar Pétursson, sem hefur gengið Vasa-gönguna fimm sinnum á 50 árum

Kom í heiminn í faðminn á nunnum í Stykkishólmi

– Guðmundur Óskar Reynisson túlkar Trapp höfuðsmann í Söngvaseiði með glæsibrag. Sjá bls. 16

Skip og bíll
Heildarlausn í flutningum
EIMSKIP
Flytjandi

ÚTGÁFAN

Bæjarins besta

ISSN 1670 - 021X

Útgefandi:
H-prent ehf.
Sólgötu 9, 400 Ísafjörður
Sími 456 4560,
Fax 456 4564
Ritstjóri:
Sigurjón J. Sigurðsson,
sími 892 5362, bb@bb.is
Blaðamaður:
Kristinn Hermannsson
sími 863 1623
kristinn@bb.is
Ritstjóri netútgáfu:
Hlynur Þór Magnússon
sími 892 2240
hlynur@bb.is
Ljósmyndari:
Halldór Sveinbjörnsson
sími 894 6125,
halldor@bb.is
Ábyrgðarmenn:
Sigurjón J. Sigurðsson og
Halldór Sveinbjörnsson
Fréttavefur: www.bb.is
Önnur útgáfa:
Á ferð um Vestfirði

Umboðsaðilar BB:
Eftirtaldir aðilar sjá um dreifingu á blaðinu á þéttbýlisstöðum utan Ísafjarðar:*Bolungarvík:* Sólveig Sigurðardóttir, Hlíðarstræti 3, sími 456 7305. *Súðavík:* Sólveig Gísladóttir, Arnarflöt 7, sími 456 4106.*Suðureyri:* Deborah Anne Ólafsson, Aðalgötu 20, sími 898 6328. *Flateyri:* Gunnhildur Brynjólfsdóttir, Brimnesvegi 12a, sími 456 7752. *Þingeyri:* Anna Signý Magnúsdóttir, Hlíðargötu 14, sími 456 8233.

Sölustaðir á Ísafirði:
Hamraborg, Hafnarstræti 7, sími 456 3166. *Flugbarinn*, Ísafjarðarflugvelli, sími 456 4772. *Bónus*, Ljóninu, Skeiði, sími 456 3230. *Bókhlaðan*, Hafnarstræti 2, sími 456 3123. *Bensínstöðin*, Hafnarstræti, sími 456 3574. *Samkaup*, Hafnarstræti 9-13, sími 456 5460. *Krílið*, Sindragata 6, sími 456 3556.

Lausasöluverð er kr. 250 eintakið m.vsk. Áskriftarverð er kr. 215 eintakið. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti.

Samgöngu- og iðnaðarráðherra undirrituðu samkomulag á Hótel Ísafirði

Fjórum ferðaþjónustuverkefnum á Vestfjörðum veittir styrkir

Sturla Böðvarsson samgönguráðherra og Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra undirrituðu á mánudag á fundi á Hótel Ísafirði samkomulag um verkefni í ferðaþjónustu á landsbyggðinni. Samkomulagið er til þriggja ára og gerir ráð fyrir 22 milljónum króna til sex verkefna á þessu ári. Af þeim eru fjögur á Vestfjörðum en tvö á Vesturlandi. Jafnframt munu ráðherrarnir beita sér fyrir því að til sameiginlegra ferðaþjónustuverkefna verði veitt 40 milljónum á ári næstu tvö ár. Í byggðaáætlun 2002-2005 er ferðaþjónustu sérstaklega getið í tengslum við sóknarfæri landsbyggðarinnar í atvinnumálum.

Bent er á að leggja þurfi áherslu á sérkenni hvers landshluta og á skipulagningu vaxtarsvæða. Markmiðið sé að tryggja markvissa uppbyggingu og sjálfbæra þróun greinarinnar, bæta arðsemi hennar, auka samkeppnishæfni einstakra svæða á landsbyggðinni og efla þar með íslenska ferðaþjónustu almennt.

Verkefnin sem hljóta styrki á þessu ári eru: Hlunnindabúskapur og sjósókn á sunnanverðum Vestfjörðum (Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða í samstarfi við Minjasafnið á Hnjóti, Reykhólahrepp og Vesturbyggð). Gísla saga Súrssonar í ferðaþjónustu (Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða í samstarfi við íbúasamtök á Þingeyri, handverkshópinn Koltru, Litla leikklúbbinn á Ísafirði og áhugahóp um Gísla sögu á Bíldudal og Barðaströnd. Einnig koma Ísafjarðarbær og Vesturbyggð að verkefninu). Gullkistan, veiðar og vinnsla sjávarfangs við Djúp (Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða í samstarfi við Byggðasafn Vestfjarða, Ísafjarðarbæ, Bolungarvíkurkaupstað og Súðavíkurhrepp).

Valgerður og Sturla undirrita samkomulagið á Hótel Ísafirði.

Vefur til markaðssetningar og eflingar þróunarverkefna (Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða og Ferðamálasamtök Vestfjarða). Snæfellsnes, vottaður umhverfisvænn og sjálfbær áfangastaður (Snæfellsbær, Grundarfjarðarbær, Stykkishólmsbær, Eyja- og Miklaholtshreppur og Helgafellssveit). Menningarvefur fyrir ferðaþjónustu (Snorrastofa í Reykholti).

Nýárshátíð tælenska samfélagsins á norðanverðum Vestfjörðum

Sophaporn Sandra Arnórsson ruddi brautina

Tælenska nýárinu var fagnað með Songkran-hátíðinni á Ísafirði á sunnudag. Glæsileg skrúðganga lagði upp frá Hlíf og hélt niður í sal Grunnskólans þar sem dagskrá hátíðarinnar var haldin. Einar K. Guðfinnsson alþingismaður ávarpaði hátíðargesti og bæði bauð þá velkomna og þakkaði fyrir sig á tælensku.

Einar krýndi síðan Ungfrú Songkran. Sá heiður kom í hlut Stínu Thidarat Thongmanee en Eygló Valdimarsdóttur hlotnaðist sá heiður að vera með mest geislandi brosið. Sophaporn Sandra Arnórsson hlaut sérstök heiðursverðlaun fyrir að ryðja brautina í nýju samfélagi en hún er fyrsti Tælendingurinn sem fluttist til Vestfjarða.

Á hátíðinni voru flutt margvísleg og fróðleg erindi, meðal annars um inntak Songranhátíðarhaldanna. Sýndir voru tælenskir dansar og myndaðist afar góð stemmning meðal viðstaddra. Gestum var svo boðið upp á ljúffengar tælenskar kökur og kaffi sem gerð voru góð skil.

Fyrir hátíðinni stóðu Rætur, félag áhugafólks um menningarfjölbreytni, í samvinnu við Fjölmenningarsetur á Vestfjörðum og Rauða krossinn. Skipulagning og framkvæmd var í höndum tælenska samfélagsins á norðanverðum Vestfjörðum.

Tælenska nýárinu var fagnað á Ísafirði á sunnudag m.a. með skrúðgöngu um bæinn.

bb.is
púlsinn fyrir vestan

RITSTJÓRNARGREIN

Sá lifir leiðu lífi

Skíðavika. Fyrirheit um marga frídaga. Skíða- og fjallaferðir. (Það er að segja ef einhver er snjórinn.) Dymbilvika, með myrkasta dag allra daga; aðdragandi að sigrinum mikla þar sem „Sigrarinn dauðans sanni“ færði þjóðum heims fyrirheit sem þeim hefur gengið heldur illa að tileinka sér.

Bræður hafa barist og berjast enn. Tvær heimstyrjaldir hafa dunið yfir mannkynið. Samt virðumst við lítið hafa lært. Heilar kynslóðir sumra þjóða hafa alist upp við stríð, þekkja ekki annað en stríð. Börn eru alin upp í hatri. Vart líður sá dagur að ekki berist fréttir af átökum og hryðjuverkum úti í heimi. Barátta um auð og völd. Milljónir manna sæta kúgun og ofbeldi. Drottnunargirnin lýtur engum lögmálum. Fólk verður ekki svelt til fylgilags.

Árlega er milljörðum króna mokað í tilraunir og framleiðslu á æ afkastameiri vélum til mannvíga. Ekkert fær stöðvað mannskepnuna, sem í sjálfsánægju sinni hefur hafið sig upp sem drottnara yfir sköpunarverkinu. Í baráttunni um völd og yfirráð hefur maðurinn sig yfir dýr merkurinnar og fugla himinsins, eirir engu, vílar ekkert fyrir sér til að ná settu marki.

Pílatus hræddist heift yfirmanns síns, óttaðist um völd sín og stöðu og kaus því „fyrir vinskap manns / að víkja af götu sannleikans.“ Vissi þó manna best hvað um málið réttast var. Mörgum þykir sem „Pílatusana“ vanti ekki í samfélög nútímans.

Á hvaða öld verður okkur ljóst að öllu lengra verður ekki gengið á auðlindir jarðarinnar? Að græðginni verður að linna. Er þörf á frekari söfnun í kornhlöðurnar sem fullar eru fyrir, meðan napur vindur næðir um aðrar sem korn hefur ekki komið í árum saman? „Sá lifir leiðu lífi sem lifir aðeins fyrir sig,“ segir kínverskur málsháttur.

Bæjarins besta sendir lesendum sínum nær og fjær og lands mönnum öllum óskir um gleðiríka páska.

s.h.

Lestu nýjustu fréttir daglega á www.bb.is

Friðrik, Borgný með blómin og Sigríður fyrir sýninguna á laugardag.

Aukasýning á Söngvaseiði að kvöldi páskadags

Þúsundasti gesturinn kom á laugardaginn

Þúsundasti sýningargesturinn á Söngvaseiði (The Sound of Music) á Ísafirði kom á áttundu sýninguna á verkinu á laugardag. Það var Borgný Skúladóttir frá Þingeyri sem markaði þessi tímamót. Sigríður Ragnarsdóttir, skólastjóri Tónlistarskóla Ísafjarðar, og Friðrik Stefánsson, formaður Litla leikklúbbsins, afhentu Borgnýju blóm af þessu tilefni og vildu með því þakka áhorfendum hið mikla framlag þeirra til sýningarinnar. Ljóst er að markið var sett hátt með uppsetningu svo umfangsmikillar sýningar en áhorfendur hafa sýnt í verki að þeir kunna að meta framtakið.

Ákveðið hefur verið að bæta við aukasýningu kl. 20 að kvöldi páskadags. Uppselt er á allar sýningar í þessari viku sem eru í kvöld, á föstudaginn langa og laugardag. Þegar blaðið fór í vinnslu var enn hægt að fá miða á aukasýninguna á páskadag og almenna sýningu sem verður annan í páskum kl. 20. Síminn hjá miðasölu er 691 0383.

Samsýning ísfirsks myndlistarfólks í Edinborgarhúsinu

Reynir Torfa sýnir olíuverk en Dagný Þrastar sýnir glerlist

Hinir góðkunnu ísfirsku listamenn Dagný Þrastardóttir og Reynir Torfason opna samsýningu í Edinborgarhúsinu á föstudaginn langa kl. 17. Boðið verður upp á léttar veitingar við opnun sýningarinnar og eru allir velkomnir. Reynir Torfason starfaði um árabil sem sjómaður og síðar hafnarvörður á Ísafirði. Hann hefur málað lengi og haldið sýningar reglulega. Að þessu sinni sýnir hann olíumálverk, bæði gömul og ný. Dagný Þrastardóttir, húsgagnasmiður og hagleikskona, hefur rekið Rammagerð Ísafjarðar um árabil en síðustu árin hefur glerið einkum verið henni hugleikið viðfangsefni. Mun Dagný sýna handgerðan borðbúnað úr gleri sem hún hefur í hyggju að leigja út fyrir sérstök tækifæri. Einnig sýnir hún nýjar útfærslur á glerljósum. Sýning Dagnýjar og Reynis verður síðan opin á laugardag, páskadag og annan í páskum milli kl. 16 og 18.

Reynir Torfason og Dagný Þrastardóttir.

Ný fjáröflunarleið hjá Björgunarfélagi Ísafjarðar

Flettiskilti á Ísafirði

Björgunarfélag Ísafjarðar hefur reist auglýsingasúlu við hringtorgið á Ísafirði. Þar verða tvö flettiskilti sem vísa upp að hringtorginu og niður að Pollgötu og eitt fast skilti sem snýr í áttina að verslun Húsasmiðjunnar. Jóhann Ólafson hjá Björgunarfélagi Ísafjarðar segir ætlunina að reka skiltin sem fjáröflun fyrir félagið en Sparisjóður Vestfirðinga hafi verið þeim innan handar við fjármögnunina. „Ég held að þetta sé mjög góður kostur. Maður vonar að auglýsendur sjái að þarna fá þeir mikið fyrir aurana og styðja jafnframt við uppbyggingu og rekstur björgunarfélagsins.“

Í umferðarkönnun sem félagið gerði kom í ljós að tæplega 3.000 bílar keyra um hringtorgið daglega. „Þetta er góður staður. Það kemur varla nokkur maður til Ísafjarðar eða fer til Bolungarvíkur án þess að keyra þarna framhjá“, segir Jóhann.

Skiltinu komið á sinn stað. Mynd: Þorsteinn J. Tómasson.

Hópur ungmenna frá Gamla apótekinu á Ísafirði

Í kynnis- og fjáröflunarferð um landið

Hópur ungmenna frá Gamla apótekinu á Ísafirði lagði á föstudag upp í hringferð um landið með rútu frá Stjörnubílum þar sem stefnan er sett á Akureyri, Egilsstaði og Reykjavík. Ferðin er farin í fjáröflunarskyni en einnig til að hitta forsvarsmenn annarra ungmennahúsa á landinu og skiptast á upplýsingum.

Samkvæmt samningi um Gamla apótekið fær það greitt 12 milljónir á tveimur árum frá Ísafjarðarbæ, dómsmálaráðuneyti, félagsmálaráðuneyti og heilbrigðisráðuneyti. Þessi framlög standa undir um 70% af rekstrarkostnaði hússins en þar að auki krefst starfsemin fjár til uppbyggingar og endurbóta á húsbúnaði og tækjabúnaði.

Gamla apótekið er fyrsta ungmennahús sinnar tegundar hérlendis og starfsemin þar fyrirmynd fyrir rekstur og uppbyggingu annarra slíkra.

Ferðalangarnir í Gamla apótekinu ásamt fulltrúum Stjörnubíla.

Meginverkefnið að þessu sinni er söfnun fjár til að koma upp fullkominni heimabíóaðstöðu í Gamla apótekinu og til kaupa á myndbandstökuvél og klippibúnaði. Þegar hafa ungmennin safnað 250 þúsund krónum með útgáfu fréttabréfs og með happdrætti.

Stjörnubílar á Ísafirði veita Gamla apótekinu veglegan stuðning en fyrirtækið sér hópnum fyrir langferðabíl í ferðinni um landið. Hópurinn hefur bókað sig í viðtöl hjá 12 fyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu með hjálp tengdra manna vestra og verður þeim boðið að gera styrktarsamning við Gamla apótekið.

Fiskiskip frá löndum utan EES

Girt af meðan á löndun stendur

Ísafjarðarhöfn og Fiskistofa hafa gengið frá samkomulagi um tilhögun löndunar úr fiskiskipum frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins. Í því felst að skipin verða girt af meðan á löndun stendur í Ísafjarðarhöfn en hún telst vera landamærastöð.

Guðmundur M. Kristjánsson hafnarstjóri segir Ísafjarðarhöfn hafa gegnt hlutverki landamærastöðvar um nokkra hríð en til þess þurfi að uppfylla ákveðin skilyrði. Þannig skuldbindur höfnin sig til að loka af svæðinu í kringum skipin meðan landað er. Hingað til hefur þetta verið leyst með því að hafa aðskilin rými í Frystigeymslu Vestra við Ísafjarðarhöfn. Þar hafa afurðir frá skipum innan EES verið geymdar aðskildar frá afla frá utanaðkomandi skipum.

Eftirlitsnefnd á vegum Evrópusambandsins tók þetta fyrirkomulag út fyrir nokkru og sætti sig ekki við það. Því verður framvegis höfð sú tilhögun að landa afla frá skipum utan EES í frystigáma innan lokaðs svæðis. Guðmundur segir að þetta feli ekki í sér aukinn kostnað fyrir höfnina. Þannig verði heimilt að nota gáma til að loka svæðinu umhverfis skipin rétt á meðan á löndun stendur. Eftir að afurðirnar hafi verið lokaðar inni í frystigámum sé hægt að opna svæðið aftur.

Lestu nýjustu fréttir daglega á www.bb.is

SAMKAUP
...gæði og ferskleiki!
SÍMI 456 5460
OPIÐ:
Skírdag
kl. 10 - 21
Föstud. langa
LOKAÐ
Laugardag
kl. 10-21
Páskadag
LOKAÐ
Annan í páskum
kl. 12-21
Coca-Cola
Kauptu
fjórpakka
af Coka-Cola eða
Diet Coke og þú
gætir eignast
risapáskaegg!
emmessís
SKAFÍS
BaByliss
PARIS
Fermingargjafirnar
færðu hjá okkur
KJÖTSELS
Grillkjöt
20%
afsláttur
í blanc við
páskafjörið!

Sælkeri vikunnar

er Helga Sveinbjarnardóttir íbúi á Ísafirði

Hörpuskelfiskur í gráðostasósu

1½ dl rjómi (við stofuhita)
1 lítið lauf gráðostur, skorinn í bita
2 tsk ferskur sítrónusafi
örlítið salt og pipar
100 g mjúkt smjör
3-4 eggjarauður (við stofuhita)

Færið hörpudiskinn á heitan disk. Hellið 1 dl af rjómanum á pönnuna og stappið gráðostinn saman við. Bætið rjómanum smátt og smátt saman við og þeytið stöðugt í með vírþeytara. Bætið sítrónusafanum við ásamt salti og pipar ef þurfa þykir. Hrærið stöðugt þar til osturinn bráðnar. Takið pönnuna af hitanum, þeytið smjörið saman við í smábitum og að lokum eggjarauðurnar. Hitið aftur en má ekki sjóða.

Fljótlegur humarréttur

1 pakki skelflettur humar
arómat
smjör
rjómi
tómatsósa

Humarinn er kryddaður og steiktur upp úr smjöri á pönnu. Rjóma bætt á pönnuna og ögn af tómatsósu eftir smekk. Eldunartíminn er eftir tilfinningu, en þó stuttur.

Gújas-súpa / kúrekasúpa

½ kg lamba- eða nautakjöt
1 stór laukur
4 kartöflur
2 gulrætur
2 rófur / næpur
sellerílauf
1 msk paprika
salt og pipar

Skerið kjötið í smábita. Skrælið rófur og annað og skerið í smábita. Steikið laukinn í olíu. Bætið kjötinu í olíuna og steikið í 5 mínútur. Bætið papriku, salti og pipar út í. Síðan vatni uns allt er komið á kaf. Látið malla í 45 mínútur eða

uns kjötið er orðið vel meyrt. Setjið grænmetið og allt saman í pottinn og sjóðið um það bil 30 mínútur til viðbótar.

Ungverjar eru þekktir fyrir gúllasið sitt. Þeir skrifa gulyás og bera orðið fram gújas eða því sem næst, þannig að gúllas-súpuna köllum við gújas-súpu. Hlutföllum í súpunni breytið þið eftir eigin smekk.

Fiskisúpa

3 dl vatn
2 msk Knorr Fond, Fisk & Vin
250 g fiskur, skorinn í bita
2 gulrætur, skornar í strimla
1 púrrulaukur, skorinn í bita
6-7 sveppir, skornir í sneiðar
2 dl rjómi
1 dl sýrður rjómi
150 g rækjur
50 g smjör
smátt saxaður graslaukur
salt og pipar

Setjið vatn, Knorr Fond, gulrætur og púrrulauk í pott og látið suðuna koma upp. Setjið fiskinn út í og látið sjóða í 2-3 mínútur. Bætið við rjómanum, sýrða rjómanum og sveppunum og látið sjóða við vægan hita í 5 mínútur. Setjið loks smjörið, rækjurnar og graslauk út í. Bragðbætið með salti og pipar. Skreyta má súpuna með skelfiski og krabbakjöti. Borið fram með brauði.

Ég skora á hjónin Hrafnhildi Samúelsdóttur og Jósef Vernharðsson í Hnífsdal að koma með eitthvað gott í næstu viku.

KONA VIKUNNAR

Ætlaði að verða strætó-bílstjóri

Nafn: Guðrún Björg Bragadóttir.
Fædd/-ur, hvar og hvenær: Í Reykjavík, 26.12.1968.
Atvinna: Skattstjóri Vestfjarðaumdæmis.
Fjölskylda: Einhleyp.
Helstu áhugamál: Lestur góðra bóka og ferðalög.
Bifreið: Subaru Impreza árgerð 1997.
Hvernig bíl vildir þú helst eiga? Nýjan Subaru Legacy.
Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú varst lítill? Strætóbílstjóri eða „búðarkona“.
Uppáhalds matur? Gráðosta-Lasagna.
Versti matur sem þú hefur smakkað? Brauðsúpa.
Uppáhalds drykkur? Pepsi Max.
Uppáhalds tónlist? Stuðmenn og íslensk tónlist frá áttunda og níunda áratugnum.
Uppáhalds íþróttamaður eða félag? Ekkert/enginn.
Uppáhalds sjónvarpsefni? Fréttir.
Uppáhalds vefsíðan? bb.is og mbl.is
Besta kvikmynd sem þú hefur séð? Get ekki gert upp á milli margra góðra kvikmynda. Af nýlegum myndum má nefna Hafið.
Fallegasti staður hérlendis? Ásbyrgi.
Fallegasti staður erlendis? Skagen í Danmörku við sólarlag.
Ertu hjátrúarfull(ur)? Nei.
Uppáhalds heimilistækið? Þvottavélin.
Hvað er það skemmtilegasta sem þú gerir? Skoða og upplifa nýja staði.
Hvað fer mest í taugarnar á þér og hvers vegna? Dauðadrukkið fólk.
Hvað gerir þú til að láta þér líða vel? Kem mér vel fyrir í hægindastólnum með góða bók.
Áttu þér leyndan draum sem þú ætlar að láta rætast? Já.
Hvað er það neyðarlegasta sem þú hefur lent í? Of neyðarleg til að segja frá því.
Ef þú værir bæjarstjóri í einn dag, hverju myndir þú breyta? Samþykkja byggingu útisundlaugar á Ísafirði.
Lífsmottó? Þetta reddast allt einhvern veginn.

Námskeið

Námskeið í stjórn og meðferð gaffallyftara, vörubílskrana, dráttarvéla með tækjabúnaði, körfubíla, steypudælubíla og valtara verður haldið í Þróunarsetri Vestfjarða, Árnagötu 2-4 á Ísafirði, ef næg þátttaka fæst.

Mánudaginn 28. apríl kl. 09:00-16:00

Miðvikudaginn 30. apríl kl. 09:00-16:00

Verð er kr. 15.400 á mann.

Upplýsingar og skráning er í síma 450 3080 milli kl. 08:00 og 14:00.

Vinnueftirlit ríkisins, Ísafirði.

Sumarstörf

Óskum að ráða starfsfólk til sumarstarfa í gestamóttöku og til næturvörslu, ekki yngri en 20 ára. Góð tungumálakunnátta, tölvuþekking og þekking á vestfirskum staðháttum nauðsynleg.

Uppl. veitir Áslaug. *Hótel Ísafjörður*

Þingeyri

Gengur vel að herða

„Þrátt fyrir ríkjandi suðlægar áttir og hlýindi hefur gengið vel að herða“, segja þau Anton Proppé og Gréta Björg Gunnlaugsdóttir hjá harðfiskverkun Antons Proppé á Þingeyri.

„Hjallarnir eru það vel staðsettir að það blæs alltaf vel um fiskinn. Góður og holdugur steinbítur hefur verið í allan vetur.“ Þau segjast vera búin að verka um það bil 50 tonn af steinbít og 20 tonn af ýsu. Ragnar Ólafur Guðmundsson og Snædís Gíslín Heiðarsdóttir hjá Svalvogum taka í sama streng.

„Það hefur þurft að fylgjast vel með fiskinum vegna veðurfarsins í vetur en annars hefur gengið mjög vel.“

Rannsókn á vímuefnanotkun ungmenna

Samvist við foreldra skiptir miklu máli

Samkvæmt könnun sem gerð var meðal nemenda 10. bekkinga á landsvísu voru 2000 höfðu 13% þeirra sem njóta nær alltaf samvista við foreldra sína á virkum dögum orðið ölvaðir síðustu 30 dagana. Hins vegar höfðu 53% þeirra sem sögðust nær aldrei njóta samvista við foreldra sína á virkum dögum orðið ölvaðir síðustu 30 dagana.

Þetta kom fram í erindi Heru Hallberu Björnsdóttur hjá Rannsóknum og greiningu á fundi VáVest-vímuvarnarhópsins á Hótel Ísafirði fyrir stuttu. Sams konar samband gilti fyrir tóbaksreykingar og hassneyslu.

Hera benti á að ekki skipti

Hera Hallbera Björnsdóttir flytur erindi á fundinum.

öllu máli hversu innihaldsríkar samverustundirnar væru. Sem dæmi hefði könnunin leitt í ljós að þeir unglingar sem horfa reglulega á sjónvarp með foreldrum sínum neyti síður vímuefna en þeir sem gera það sjaldnar.

Hlynur Snorrason hjá VáVest segir miklu máli skipta þann áhuga sem vímuvörnum og málefnum unglinga sé sýndur á svæðinu. „Mér finnst það góður vitnisburður að um 40 manns skuli mæta á fund hjá okkur kl. 13 á föstudegi. Þetta sýnir metnaðinn í velferðarmálum hérna. Öflug og heilbrigð unglingamenning er einn liðurinn í byggðastefnunni“, sagði Hlynur.

Lestu nýjustu fréttir daglega á www.bb.is

Særingamennirnir dreifa snjó yfir Jóhann Torfason.

Ísafjörður

Snjósæringar á Silfurtorgi

Snjóleysið í vetur hefur verið skíðamönnum á Ísafirði fjötur um fót eins og víðar á landinu. Þess vegna var brugðið á það ráð í aðdraganda Skíðaviku að fá fjölkunnuga menn til að fremja snjósæringar á Silfurtorginu á Ísafirði.

Jóhann Torfason, forstöðumaður skíðasvæðanna, kom með lyngi skrýdda grastorfu úr brekkunni í Tungudal sem særingamennirnir notuðu til að ákalla snjóinn. Höfðu þeir hrært saman í potti þorskhausum og snjó yfir eldi sem var kveiktur á torginu. Eftir stríðsdansa og áköll var snjó dreift yfir Jóhann. Góð reynsla er sögð vera af svipuðum aðförum erlendis. Þetta hefur meðal annars verið gert á skíðasvæði nokkru á Ítalíu þar sem verið hefur nær stöðug fannkoma síðan.

Tilraunin hefur enn ekki borið tilskilinn árangur á Ísafirði. Einhverjir hafa lýst áhyggjum sínum yfir því að verið sé að fitla við náttúruöflin með þessum hætti. Jafnvel muni særingarnar byrja að verka fyrir hátíðahöldin 17. júní eða eitthvað þaðan af verra hljótast af.

Ísfirskir skíðamenn eru þó hvergi af baki dottnir. Þeir munu einfaldlega halda til heiða þar sem ætlunin er að halda Skíðavikuna hátíðlega.

Skíðamót Íslands 2003 í Hlíðarfjalli við Akureyri

Ólafur Th. Árnason fékk fjögur gull og eitt silfur

Skíðagöngumenn úr Ísafjarðarbæ voru sigursælir á Skíðamóti Íslands sem haldið var í Hlíðarfjalli við Akureyri fyrir og um síðustu helgi. Ólafur Th. Árnason frá Ísafirði var þar yfirburðamaður og vann fern gullverðlaun og eitt silfur. Hann varð Íslandsmeistari með miklum yfirburðum í 15 km göngu með frjálsri aðferð. Einnig sigraði hann af miklu öryggi í 10 km göngu. Þar með sigraði hann jafnframt í göngutvíkeppni, sem er samanlagður árangur úr 15 km og 10 km göngunum.

Ólafur Th. Árnason fékk fjögur gull á Skíðamóti Íslands.

Loks var hann í A-sveit Ísafjarðar sem vann gullverðlaunin í 3x10 km boðgöngu með fáheyrðum yfirburðum og var um stundarfjórðungi á undan sveit Akureyrar sem hafnaði í öðru sæti. Boðgöngusveitina skipuðu auk Ólafs Önfirðingarnir Jakob Einar Jakobsson og Markús Þór Björnsson. B-sveit Ísafjarðar hlaut bronsið en hana skipuðu þeir Kristján Rafn Guðmundsson, Sigurður Gunnarsson og Einar Birkir Sveinbjörnsson.

Markús Þór Björnsson varð Íslandsmeistari í sprettgöngu en Ólafur Th. Árnason varð annar. Keppt var í 400 m langri braut og voru fyrst undanrásir. Átta fljótustu komust í aðalkeppnina þar sem tveir og tveir kepptu með útsláttarfyrirkomulagi. Af þeim átta sem komust í úrslitin voru fjórir úr Skíðafélagi Ísfirðinga, þeir Markús, Ólafur, Jakob Einar Jakobsson og Kristján Óskar Ásvaldsson.

Úrslitaviðureign þeirra Markúsar og Ólafs varð dramatísk því Ólafur náði forystunni og allt stefndi í að hann myndi verja sprettgöngutitil sinn frá síðasta landsmót. Þá varð hann fyrir því óláni að annar skíðastafurinn hans brotnaði og eftirleikurinn varð Markúsi auðveldur.

Athygli vekur að Ísfirðingurinn Sigurður Gunnarsson, sem er kominn á sextugsaldur, varð í fjórða og fimmta sæti í 10 km og 15 km göngunum. Sigurður hlaut jafnframt silfrið í báðum göngunum í flokki 50 ára og eldri á eftir Magnúsi Eiríkssyni frá Siglufirði.

Jakob Einar Jakobsson sigraði í flokki 17-19 ára pilta í 15 km göngunni og annar varð sveitungi hans Markús Þór Björnsson. Þriðji Önfirðingurinn, Kristján Óskar Ásvaldsson, varð í fjórða sæti og Einar Birkir Sveinbjörnsson frá Ísafirði í því fimmta. Markús Þór sigraði hins vegar í flokki 17-19 ára í 10 km göngunni en þar varð Jakob Einar annar.

Tungudalur

Sláttur hafinn og jafnvel spilað um páska

Gunnar Þór rennir sláttuvélinni yfir flötina.

Flatirnar á golfvelli Golfklúbbs Ísafjarðar í Tungudal eru orðnar óvenjulega grænar miðað við árstíma og á föstudagsmorgun var byrjað að slá þær. Þetta er að minnsta kosti mánuði fyrr en í vanalegu árferði, segir Gunnar Þór Helgason golfvallarhirðir. „Völlurinn hefur ekki alltaf verið svona góður þótt komið hafi verið fram í seinni hluta maí. Ennþá eru nokkrir pollar sem þarf að þurrka upp en ef veðrið helst svona gott áfram verður hægt að spila á vellinum eftir fáeina daga“, sagði Gunnar. Jafnvel hefur komið til tals að golfarar á Ísafirði efni til móts um páskana ef veðurútlit verður gott.

Úthlutun byggðakvóta Ísafjarðarbæjar til Þingeyrar

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála staðfestir niðurstöðu Samkeppnisráðs

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála hefur staðfest niðurstöðu Samkeppnisráðs þess efnis, að ekki sé ástæða til að aðhafast vegna úthlutunar á öllum byggðakvóta Ísafjarðarbæjar til Þingeyrar. Fiskvinnslan Íslandssaga hf. á Suðureyri og Fiskvinnslan Kambur hf. á Flateyri áfrýjuðu niðurstöðu Samkeppnisráðs og töldu að með hlutafjárkaupum Byggðastofnunar í Fiskvinnslunni Fjölni hf. á Þingeyri og með úthlutun byggðakvótans hefði samkeppni verið raskað og fæli hún í sér samkeppnishömlur í skilningi samkeppnislaga.

Áfrýjunarnefndin segir m.a. í niðurstöðu sinni, að telja megi úthlutun byggðakvótans til Fiskvinnslunar Fjölnis á Þingeyri til ríkisstyrks í skilningi samkeppnislaga. Það liggi í eðli ríkisstyrkja að þeir séu oft til þess fallnir að skekkja samkeppni á viðkomandi markaði. Á hinn bóginn standist þeir engu að síður, svo framarlega sem þeir hafi nægan lagagrundvöll, séu veittir í þeim tilgangi sem lög segja til um og gangi ekki lengra en þau heimili.

Því hafi ekki verið mótmælt í máli þessu, að úthlutun byggðakvóta til Fiskvinnslunnar Fjölnis hafi farið fram til að rétta við atvinnuástand staðarins sem orðið hafði fyrir áföllum. Miðað við gögn málsins verði að telja ljóst að atvinnuástand hafi verið verra á Þingeyri á þessum tíma en í öðrum byggðarlögum á svæðinu sem hér eiga hlut að máli. Þyki því mega miða við að umrædd úthlutun byggðakvóta hafi farið fram í samræmi við tilgang laga.

Við það bætist að úthlutunin sé tímabundin og samkeppnisyfirvöld hafi mat um það hvort þau grípi til aðgerða vegna aðgerða gegn ríkisstyrkjum. Með hliðsjón af þessu þótti áfrýjunarnefndinni ekki ástæða til að hnekkja hinni áfrýjuðu ákvörðun á þeim grundvelli að hinn úthlutaði byggðakvóti teldist ólögmætur ríkisstyrkur.

Stuttar af bb.is

Grétar Mar fær laun

Útgerðarfélagið Torfnes ehf. á Ísafirði hefur í Héraðsdómi Vestfjarða verið dæmt til að greiða Grétari Mar Jónssyni, sem gegndi tímabundið starfi skipstjóra á skipi félagsins, Stakkanesi ÍS, tæplega 800 þúsund krónur auk dráttarvaxta vegna vangreiddra launa á ráðningartíma og ógreiddra launa á uppsagnarfresti. Einnig skal útgerðarfélagið greiða Grétari 200 þúsund krónur í málskostnað. Málsaðila greindi á um ráðningartíma skipstjórans. Ekki var gerður skriflegur ráðningarsamningur við hann eins og skylt var, samkvæmt niðurstöðum héraðsdóms.

Gripinn með pípusköfu

Framkvæmd var vopnaleit á Reykjavíkurflugvelli á farþegum sem voru að fara með áætlunarflugi til Ísafjarðar um hádegisbilið á sunnudag. Var farþegum gert að tæma vasa sína vegna ýmissa misjafnlega grunsamlegra hluta sem málmleitartæki gerði viðvart um. Hjá Halldóri Halldórssyni bifvélavirkja á Ísafirði var pípuskafa gerð upptæk en hann fékk hana aftur í hendur við komuna til Ísafjarðar. Halldór segir að um sams konar leit hafi verið að ræða og hann hafi hingað til séð á Keflavíkurflugvelli. Hann geymdi pípusköfuna í pakka af reyktóbaki. „Vopnaleitartækið vældi á Prince Albert pakkann. Ég varð að tína upp úr vösunum kveikjarann og pípuna og allt sem þessu tilheyrir“, sagði Halldór.

Mikið um umferðarlagabrot

Í liðinni viku voru 113 bókanir í dagbók lögreglunnar á Ísafirði. Eins og fyrri daginn er þar mest um umferðarlagabrot. Þegar fer að vora, sólin skín og veðrið er fallegt upphefst hraðakstur ökumanna, segir í dagbókinni. 5 tilvik eru skráð þar sem ökuhraði er of mikill og ekki miðaður við aðstæður. 4 umferðaróhöpp voru tilkynnt til lögreglu, eitt stöðvunarskyldubrot var kært, ökumaður og farþegi kærðir fyrir að nota ekki öryggisbelti og þrjú ökutæki voru stöðvuð vegna of mikils ásþunga.

Skúli trúbador

Skúli Þórðarson á Ísafirði gaf fyrir stuttu út sína fyrstu plötu. Þar getur að heyra sex lög sem hann hefur sjálfur lýst sem hefðbundinni kassagítarmúsik. Þegar er orðið trúbador farið að loða við nafn hans, ýmist sem forskeyti eða viðskeyti. Sjálfur segist Skúli ekki alveg átta sig á því hvaða kröfur séu gerðar til titilsins.

Framundan eru spilamennska og kynning á plötunni þótt Skúli segist hafa mun meiri ánægju af því að semja tónlistina en að koma fram og leika hana. Við ræddum við Skúla um spiliríið og þá náðargáfu að geta samið tónlist, sem hann segist einungis nýlega vera farinn að gefa gaum.

– Hefurðu fengið einhver viðbrögð við útgáfunni?

„Ekki mikið ennþá, aðallega frá kunningjahópnum. Ég á ekki von á neinum stórum tíðindum á næstunni. Þetta fer allt rólega af stað. Maður byrjar að kynna þetta hérna á Ísafirði en reyndar er ég á leiðinni til Reykjavíkur um helgina og það hefur komið til tals að ég spili eitthvað. En ég veit ekki hvort ég fer að pranga þessu inn á einhverjar verslanir strax.“

– Hvernig vannstu plötuna? „Hún er að mestu heimagerð. Vernharður Jósefsson tók þetta upp fyrir mig hér á Ísafirði og vann lítillega úr því. Útgáfan sjálf er frekar einföld í sniðum. Mesta vinnan er í kringum fjölföldunina og umslagið en þar er teikning af mjög myndarlegri hauskúpu. Þetta er ekkert mikið föndur, ekki eins og maður hefur oft verið að sjá hjá svona underground-útgáfum sem eru að útbúa geisladiskahulstur úr pappaspjöldum og hitt og þetta. Ég einfaldlega nennti ekki standa í því.“

– Er það í samræmið við efnið? Getum við sagt það vera í anda trúbadorsins að byggja á einfaldri og alþýðlegri framsetningu?

„Ég veit það nú ekki. Þetta myndi kannski hæfa pönki betur en trúbadoramúsík“.

– Framsetning laganna á plötunni er með fremur einföldum hætti.

„Jú, þetta er þannig til komið að ég á töluverðan slatta af lögum á lager. Í staðinn fyrir að hafa það allt í hrærigraut í höfðinu, þá eru þarna komin á disk sex lög sem ég vildi losna við af bakinu – koma bara út úr kerfinu. Þetta voru þau lög sem hentuðu best fyrir bara gítar og söng. En svo eru önnur lög sem krefjast meiri hljóðfæraleiks og þurfa því meiri vinnu í upptökum og öðru slíku þannig að ég var ekkert að fara út í það strax. Vildi bara vera laus við hluta af þessum lagafjölda.“

Eins og hver önnur afþreying

– Hvað ertu að taka fyrir í þessari tónlist?

„Þetta er nú ekkert fyrirfram skipulagt í rauninni. Þetta kemur yfirleitt meira af sjálfsdáðum og textarnir spanna frekar breitt svið.“

– Ertu þá að birta einhverja stemmningu sem kom yfir þig þegar hvert lag var samið?

„Maður gerir sér nú engan veginn grein fyrir því hvernig hugmyndirnar koma. Þetta er allt í gerjun og maður gleymir því fljótt hvert upphafið var.“

– Þú munt hafa samið töluverðan fjölda af lögum.

„Ja, ég myndi halda það miðað við að ég hef ekkert verið að semja tónlist í það langan tíma. Ég hafði lengi reynt og átti eitt eða tvö lög. En svo fór ég að einbeita mér að þessu fyrir tilviljun og þá þjálfaðist maður upp smátt og smátt og þetta fór að koma með reglulegra millibili.“

Aðrir flokkar
hafa kynnt forsætisráðherraefni...

En við kynnum
sjávarútvegsráðherraefni okkar,
Guðjón A. Kristjánsson

Guðjón A. Kristjánsson alþingismaður hefur víðtæka reynslu og mikla þekkingu á sjávarútvegi. Hann var einhver mesta aflakló Vestfjarða um áratuga skeið, formaður skipstjóra- og stýrimannafélagsins Bylgjunnar og forseti Farmanna- og fiskimannasambandsins í 16 ár.
Guðjón hefur sett fram skýrar og raunhæfar tillögur um breytingar á fiskveiðistjórnarkerfinu til hagsbóta fyrir alla þjóðina.

Við heitum því að starfa heiðarlega, fyrir opnum tjöldum og með hagsmuni almennings að leiðarljósi.

FRJÁLSLYNDI FLOKKURINN
www.xf.is

ÓPIN VIRKA DAGA KL. 13-17

KOSNINGAMIÐSTÖÐ | ADALSTRÆTI 9 | 101 REYKJAVÍK | SÍMI 552-2600 | WWW.XF.IS

– Hvernig semurðu? Hvað gerirðu til að fá lögin fram?

„Það er misjafnt. Yfirleitt er þetta bara eitthvert gutl á gítar. Stundum byrjar maður með texta og semur lag við það eða er í góðu gítargrúvi og fer að raula eitthvað með í huganum og það hefst upp frá því. Sumt kemur bara eins og að smella fingri en annað er hnoð að vinna.“

– Má segja að þú hafir ákveðið að tileinka þér lagasmíð?

„Jaaá, þetta er eiginlega hin besta afþreying. Í rauninni bara áhugamál eins og golf eða fótbolti frekar en ég hafi ákveðið að gera út á þetta sem atvinnuleið – en þetta er eitthvað sem er alveg jafngott að vera að vasast í og önnur afþreying, í rauninni er ekki önnur hugsun á bak við það.“

– Ertu búinn að hrærast lengi í tónlistinni?

„Ég er búinn að vera tæpar sjö annir í gítarnámi, sem ég sinnti reyndar ekki af miklum eldmóði, en það hefur samt eitthvað að segja. Ég hef meira iðkað tónlist sem áhorfandi, hef til dæmis aldrei spilað með hljómsveit eða þannig og byrjaði frekar seint að sýna hljóðfæraleik einhvern áhuga. En alla tíð frá því að ég man eftir mér hef ég haft óbilandi áhuga á að hlusta á tónlist og byrjaði mjög fljótlega að móta mér ákveðinn farveg í því. Var raunar sex ára gamall farinn að hlusta á þá tónlist sem ég hlusta á í dag.“

Skilar sér illa að spila froðu á kassagítar

– Hvað felst í því að vera trúbador? Er þetta bara formið að vera einn maður með kassagítar eða hefur þetta einhverja dýpri skírskotun?

„Ég hef aldrei talið mig neitt til þess fallinn að skilgreina tónlist, hvort ég sé trúbador eða hvað. Svo er náttúrlega misjafnt hvað fólk vill láta kalla sig. Til dæmis Hörður Torfa, hann er söngvaskáld en hann er auðvitað ekkert annað en maður með kassagítar og ekkert frábrugðinn Bubba Morthens nema hvað þeir eru að spila allt aðra músík. Bubbi Morthens er trúbador en svo getur maður varla sagt um Megas að hann sé trúbador.

Íslendingar hafa aldrei átt þessa hefðbundnu trúbadora eins maður sér úti í heimi, til dæmis Bob Dylan eins og hann var, Donovan, Woody Guthrie og slíka. Þetta hefur aldrei verið til á Íslandi, nema kannski Böðvar Guðmundsson, þannig að það er ekki mikil hefð fyrir því. En ég gef mig ekki út fyrir að vera eitthvað svoleiðis. Ég held að fólk leggi þann skilning í að trúbador sé maður með kassagítar. En svo er hægt að setja það upp í eitthvert stærra samhengi.“

– En svo er þessi eiginleiki sem er til staðar í lögunum þínum, að textarnir eru hnyttnir og eru jafnvel skondin skoðun á málum.

Þó ekki sé verið að taka fyrir dægurpólítík eða lífsbaráttuna í Norðurhöfum, þá er allavega ekki verið að syngja neina ástarfroðu.

„Það er kannski ekkert einkenni fyrir trúbadora almennt frekar en aðra tónlistarmenn. Að sjálfsögðu hefur það sýnt sig að það er betra en ekki fyrir einn mann með kassagítar að vera með góða texta. Tónlistin verður að hafa eitthvað til að bera sig og þú ert náttúrlega ekki með neitt í kringum þig til að aðstoða þig. Þannig verður að vera eitthvað varið í textana. Þú getur ekki reitt þig á gítarsóló og sviðsframkomu. Þó lögin geti verið góð líka, þá skilar það sér illa að flytja einhverja froðu á kassagítar.“

– Má kannski segja að þetta sé ein aðferð til þess að koma frá sér vangaveltum?

„Yfirleitt er þetta nú ekki mjög beinskeytt þjóðfélagsgagnrýni sem ég er að fara út í. Meira einhver dægurmenning. En sannast sagna er ég fremur illa að mér í eigin textum. Hvað sem því líður, þá er þetta samið mjög ómeðvitað. Hugsunin á bak við þetta er ekki mjög markviss til að byrja með en svo sekkur maður dýpra í pælingarnar byrjað er að gera textann.“

Draumurinn að halda áfram

– Eru þetta þá einhverjir þræðir sem þú grípur á lofti?

„Já, eiginlega, þetta er eitthvað sem kviknar í undirmeðvitundinni. Eitthvað er samið út frá eigin reynslu en annað er ort út frá náunganum og enn annað á sér jafnvel enga skírskotun í raunveruleikanum.“

– Hvað ráðgerirðu að taka þér fyrir hendur í trúbadorsstússinu? Er markmiðið að spila á Strikinu?

„Neinei, ég hef eiginlega meira gaman að því að semja en að koma fram. Afraksturinn af því að semja lag og texta, sérstaklega góðan texta, er miklu skemmtilegri tilfinning heldur en að koma fram. Þannig að í rauninni er eina markmiðið sem ég hef að halda því áfram. Maður er alltaf að gæla við einhver verkefni, jafnvel þemaplötur eða plötur með einhverjum söguþræði. Að semja er frekar á mínu áhugasviði en að koma fram þannig að ég reikna með að vinna eitthvað með það.“

– Þú hefur gert nokkuð að því að troða upp.

„Jú, maður hefur komið örlítið fram undanfarið. Ég hóf minn feril má segja í Gamla apótekinu á Ísafirði með tvö lög fyrir nokkrum misserum. Svo spilaði ég á Kaffi Ísafirði tvö gigg og það er eiginlega eina skiptið sem ég hef verið að taka heil kvöld. Annars hefur maður verið að spila eitt til tvö lög á friðarfundi og eitthvað á Kúttmagakvöldi Lions og þá er það eiginlega upptalið.“

Hefði gaman af að spila víðar

– Nú er umhverfið í tónlistarbransanum allt orðið breytt með tilkomu nýrrar tækni. Má ekki segja að það sé orðið auðveldara en áður að taka upp tónlist og dreifa?

„Þetta er orðið minna verk fyrir einstaklinginn að vinna. Maður hefur aftur á móti heyrt talað um það frá eldri tónlistarmönnum að það sé allt annað mál að koma sér á framfæri og að það sé orðið miklu meiri vinna. Markaðurinn er orðinn miklu stærri. Ef þú varst í músík hérna á árum áður, þá varstu bara einn af nokkrum og það var verið að bóka þig út um allt. En þó það sé auðveldara núna að taka upp og gera efnið útgáfuhæft, þá er erfiðara að koma því á framfæri og ná til fólks.“

– En þú kannski nærð til fólks með þessari plötu?

„Vonandi.“

– Er markmiðið að fylgja henni eitthvað eftir?

„Þetta er nú það stutt plata að það verður aldrei tónleikferðalag í kringum sex lög. En ég á miklu fleiri lög og ætti að vera í stakk búinn til að halda úti tónleikaprógrammi. Ég hefði mjög gaman að því að spila víðar og fyrir fleira fólk en hér til að kynnast þessum pakka öllum saman, svo kannski sér maður til hvernig manni líkar. Þetta er nú allt á byrjunarstigi og hálfpartinn í lausu lofti ennþá.“

– Ertu kominn með herðakistil af lagabyrði fyrir næstu plötu?

„Einhver slatti er kominn og maður á eftir að taka sig til og gera eitthvað úr því. Svo er spurning hvort þau verða tekin upp. Vonandi. Þetta kemur allt í ljós með tíð og tíma“, segir Skúli Þórðarson. Hann missir ekki svefn út af markmiðum og áætlunum en væri vísari með að semja um það lag og draga þannig upp skondna mynd af því hversu sértæk, nákvæm, tímatengd og mælanleg hegðun okkar er orðin. Hinn upprennandi trúbador er æðruleysið uppmálað en hann er kominn á mála hjá skáldagyðjunum og ómögulegt að segja hvar það gæti endað.

Fjárhagsaðstoð til heimila í Ísafjarðarbæ

Yfir sjötíu heimili fengu aðstoð á síðastliðnu ári

Yfirlit yfir greidda fjárhagsaðstoð til einstaklinga í Ísafjarðarbæ á árunum 2000 til 2002 var lögð fram á síðasta fundi félagsmálanefndar bæjarins.

Þar kemur fram, að árið 2000 fékk 71 heimili fjárhagsaðstoð, árið 2001 voru þau 51 og árið 2002 voru þau 72. Heildarframlög til fjárhagsaðstoðar voru rétt um 7 milljónir króna árið 2000, árið 2001 voru þau liðlega 6,7 milljónir króna og árið 2002 liðlega 7,8 milljónir króna. Þannig nam greidd fjárhagsaðstoð Ísafjarðarbæjar til einstaklinga á þessum þremur árum samtals tæplega 21,6 milljónum króna.

Meðalgreiðsla til hvers heimilis var tæplega 100 þúsund krónur árið 2000, rúmlega 130 þúsund árið 2001 og tæplega 110 þúsund árið 2002.

Perla losar efni hjá Eyrarsteypu á Ísafirði.

Sanddæluskipið Perla á Ísafirði

Safnar malarefni

Sanddæluskipið Perla hefur að undanförnu verið að athafna sig á Pollinum á Ísafirði við að dæla upp möl fyrir Eyrarsteypu ehf. á Ísafirði. Perla er í eigu Björgunar ehf. í Reykjavík og áttu menn þar á bæ von á að verkinu yrði lokið á morgun nema veðrið sett strik í reikninginn. Sævar Óli Hjörvarsson hjá Eyrarsteypu segir verið að safna efni fyrir sumarið til að nýta í steypugerð og önnur verkefni.

„Við vorum langt komnir með birgðirnar og skipið átti leið framhjá þannig að við hóuðum í þá til að dæla fyrir okkur. Það er engin möl á landi hérna nálægt þannig að við sækjum efnið í Pollinn.“ Perla dælir malarefninu í land við litlu bryggjuna framan við Grænagarð á Ísafirði, þar sem Eyrarsteypa hefur aðsetur sitt.

Björgun ehf. eignaðist dæluskipið Perlu árið 1979. Skipið er aðallega notað til dýpkana, landfyllingar og við önnur skyld verkefni. Perla ber 300 rúmmetra af efni og getur dælt upp af 20 metra dýpi.

Kæra Kambs og Íslandssögu vegna byggðakvótans

Til meðferðar hjá Áfrýjunarnefnd samkeppnismála

Kæra Fiskvinnslunnar Íslandssögu hf. á Suðureyri og Fiskvinnslunnar Kambs hf. á Flateyri vegna úrskurðar samkeppnisráðs um ráðstöfun alls byggðakvóta Ísafjarðarbæjar til Fiskvinnslunar Fjölnis hf. á Þingeyri er nú til meðferðar hjá Áfrýjunarnefnd samkeppnismála.

Íslandssaga og Kambur óskuðu eftir því við Samkeppnisstofnun á síðasta vori, að athugað yrði „hvort úthlutun Byggðastofnunar á svokölluðum byggðakvóta til Ísafjarðarbæjar og ákvörðun Ísafjarðarbæjar um að ráðstafa honum öllum til Fiskvinnslunnar Fjölnis hf. á Þingeyri stangist á við samkeppnislög“. Niðurstaða Samkeppnisráðs var á þá leið, að það sæi ekki ástæðu til frekari afskipta vegna úthlutunar byggðakvótans.

Í framhaldi af þeirri niðurstöðu gerðu kærendur þá kröfu, að Áfrýjunarnefnd samkeppnismála felli úr gildi ákvörðun Samkeppnisráðs. Þeir krefjast þess einnig, að fallist verði á það álit, að með hlutafjárkaupum Byggðastofnunar í Fiskvinnslunni Fjölni og með úthlutun byggðakvótans hafi samkeppni verið raskað og feli það í sér samkeppnishömlur í skilningi samkeppnislaga. Jafnframt gera kærendur þá kröfu, að fallist Áfrýjunarnefndin á það álit að samkeppni hafi verið raskað, þá hlutist samkeppnisyfirvöld til um að rétta samkeppnisstöðu þeirra.

Keppti á Vetrarólympíuleikum fyrir meira en hálfri öld

Gengur enn á skíðum til heiða fram eftir öllu sumri

– rætt við Gunnar Pétursson, sem hefur gengið Vasagönguna fimm sinnum á 50 ára tímabili

Gunnar Pétursson, landpóstur í Ísafjarðardjúpi eða frá Ísafirði og Súðavík allt til Svansvíkur, hefur verið reglulega með skíðin á fótunum meira og minna nær alla ævina. Hann var í hópi fyrstu Ísfirðinganna sem kepptu fyrir Íslands hönd á Vetrarólympíuleikum en það var í Osló veturinn 1952, fyrir meira en hálfri öld. Í fyrravetur keppti hann í fimmta sinn í Vasagöngunni í Svíþjóð. Þá hélt hann upp á að 50 ár voru frá því hann keppti fyrst í þeirri göngu eða í kjölfar Ólympíuleikanna 1952. Gunnar segir að dregið hafi úr skíðaiðkuninni um tíma þegar hann stóð í önnum við að koma fjölskyldu á legg og reka flutningabílafyrirtæki. Það gerði hann ásamt Ebeneser Þórarinssyni, félaga sínum úr Ólympíuförinni 1952, sem lést fyrir skömmu, en allir þekktu flutningafyrirtækið Gunnar og Ebeneser á Ísafirði á sínum tíma. Gunnar segir að hin síðari ár hafi stundunum á skíðunum aftur tekið að fjölga og nú orðið endi hann göngutímabilið á miðjum sumrum upp á Botnsheiði. Í tilefni Skíðaviku Ísfirðinga tók blaðið Gunnar tali um skíðamennskuna fyrr og síðar. Ekki síst er forvitnilegt að heyra af fyrstu ferð Ísfirðinga á Vetrarólympíuleika.

– Hvenær byrjaðirðu að stunda skíðin?

„Maður man nú varla eftir því – og þó. Ég hef verið þetta 5 til 6 ára þegar við byrjuðum að fara á skíði hérna inni í firði. Pabbi var strax geysilega mikill skíðaáhugamaður. Sérstaklega hafði hann áhuga á göngunni og passaði upp á að við hefðum skíði og útbúnað eins góðan og hægt var að fá.“

– Hvernig báru menn sig að þessu? Það voru náttúrlega engar lyftur í þá daga.

„Nei, það voru engar lyftur og göngubrautirnar voru troðnar þannig að það fór einhver á undan og mótaði braut. Þetta var þannig heilmikið frábrugðið því sem nú er.“

– Var skíðastemmningin eitthvað í líkingu við það sem við sjáum í dag, þannig að fólk fer í hópum og skíðar saman á ákveðnum stöðum?

„Jú, það kom fyrir, það var strax mikill áhugi hérna fyrir skíðum. Fyrsta skíðavikan var haldin 1935 og þá fór fólk að koma hérna í hópum til að fara á skíði. Þetta voru stórviðburðir og juku náttúrlega áhugann hjá mjög mörgum. Annars var hann til staðar hér fyrir þann tíma, því að við vorum svo heppin hér á Ísafirði að hafa geysimikla áhugamenn í forsvari skíðahreyfingarinnar.“

Jafnsveittir á gönguskíðum og svigskíðum

– Hvar voru menn helst á skíðum?

„Menn fóru upp í Stórurð, upp í Grænagarðshlíð og líka upp á Dal. Hann varð mjög snemma miðstöð fyrir skíðaíþróttina því þar var alltaf nægur snjór. Í skólanum voru keypt skíði fyrir krakka sem vildu nota þau og oft var farið í skíðaferðir í staðinn fyrir leikfimi.

Þessi skíði voru komin til þegar ég fer að fara í skólann hérna úti á Ísafirði veturinn 1944 og voru geymd uppi í Sóltúni. Guðmundur heitinn Mosdal var geysimikill áhugamaður um þessar skíðaferðir og hann sá um að halda skíðunum við. Þetta voru náttúrlega tréskíði en það voru komnar bindingar á þau þá en fótabúnaðurinn var allavega. Sumir voru bara í stígvélum en þeir sem voru betur búnir áttu leðurskó.“

– Hvernig héldu menn rennslinu við á þessum gömlu skíðum?

„Undir þessi skíði sem voru hjá Guðmundi var borið með fernisolíu mestmegnis. Svo voru þau geymd inni og látin þorna, þá hrintu þau frá sér vatni. En fljótlega var kominn til áburður sem var fluttur inn frá Noregi.“

– Var þá gerður greinarmunur á því hvort menn væru göngumenn eða svigmenn?

„Ekki til að byrja með, þá notuðu menn skíðin ýmist til göngu eða svigs. Reyndar var farið að flytja inn sérstök gönguskíði frá Noregi fyrir 1940, sennilega upp úr 1934.“

– Varstu mest í göngunni?

„Nei, ekki fyrst. Manni þótti miklu meira gaman að renna sér. Það komu hingað mjög snemma skíðakennarar, t.d. Forvö sem kom frá Noregi 1935 og Toveson frá Svíþjóð 1939. Þeir byrja á að kenna svig í hlíðinni hérna fyrir ofan Stakkanesið þar sem Engi er núna. Þannig voru menn mjög snemma farnir að læra undirstöðuatriðin, bæði í svigi og göngu.“

– Þið hafið nú tæpast náð mjög mörgum ferðum, fór ekki drjúgur tími í að ganga upp?

„Nei, það voru ekki margar ferðirnar sem maður fór. Oft þurfti nú að byrja á því að troða. En þetta var alveg óskaplega góð þjálfun fyrir fæturna sem menn bjuggu svo að, bæði í sviginu og eins í göngunni. Því fljótari sem menn voru upp, því fleiri ferðir komust þeir. Menn voru alveg jafnsveittir hvort sem þeir voru á gönguskíðum eða svigskíðum því að þetta tók svo stuttan tíma að renna niður.“

– Var þá svipað mikið kapp á mönnum að komast upp og að komast niður?

„Já, ekki minna. Eftir því sem þú komst fleiri ferðir fékkstu náttúrlega meiri þjálfun og æfingu.“

– Var strax farið að halda skipulega keppni?

„Já, það var komið á mjög fljótlega. Fyrsta Fossavatnsgangan var þannig haldin á páskum 1935. Vestfjarðarmót var komið á mjög snemma og fyrsta landsmótið var haldið hér á Ísafirði árið 1939.“

Ekki með lakari búnað en aðrir

– Hvernig var þetta hjá efnilegustu skíðamönnunum, fóru fram skipulegar æfingar?

„Nei, ekki þannig. Strákarnir sem voru í þessu fóru náttúrlega saman þegar þeir gátu. Menn voru að vinna á misjöfnum tímum þannig að það var allavega. En það komu strax upp hérna mjög efnilegir og góðir göngumenn. Þetta voru þá ekki nema tveir staðir á landinu þar sem skíðin voru stunduð, Siglufjörður og Ísafjörður. Framan af komu göngumennirnir frá þessum stöðum en síðan koma aðrir inn eins og Þingeyingarnir og fleiri. Ég man eftir þeim í fyrsta sinn á landsmóti 1948 en upp úr því fer skíðaiðkunin að verða almennari hérlendis og fjöldinn meiri.“

– Stemmir það að þú hafir farið á 35 landsmót í röð?

„Já, ég keppi á landsmóti í fyrsta sinn 1948 og svo á hverju ári þar til 1983. Ég veit ekki til þess að nokkur annar hafi gert það. Maður var náttúrlega orðinn aftarlega í röðinni undir það síðasta en ég keppti samt. Eftir það fór ég á nokkur landsmót, mestmegnis þau sem voru haldin hér heima.“

– Þú varst í fyrstu sveit íslenskra göngumanna á Ólympíuleikum.

„Það er rétt. Áður höfðu Íslendingar keppt í svigi á leikunum 1948 en þar voru engir skíðamenn héðan. Mig minnir að þeir hafi farið þrír utan frá Akureyri og Reykjavík. En þegar við fórum til Osló 1952, þá var kominn miklu meiri skriður á þetta. Við vorum sex göngumenn, þrír frá Ísafirði og þrír Þingeyingar. Þarna voru líka fjórir svigmenn, tveir héðan og tveir frá Reykjavík en að auki fór einn stökkmaður. Það var ákveðið að taka þátt í boðgöngu líka þannig að það var lágmark að fara fjórir en það var ákveðið að taka þrjá frá hvorum staðnum.“

– Þetta hefur væntanlega verið mikið ævintýri.

„Það var það. Maður kynntist mörgu nýju og betri útbúnaði en við vorum með – en þó ekkert afgerandi betri útbúnaði. Þá voru birkiskíðin að ryðja sér til rúms töluvert mikið en en við töldumst nokkuð vel útbúnir.“

– Það hefur þá ekki verið neitt menningarsjokk fyrir ykkur að koma þarna út?

„Nei, ekki í sambandi við það. Brautirnar voru náttúrlega ekki troðnar með tækjum í þá daga heldur voru þetta skógarstígar en þeir voru betur troðnir en við áttum að venjast. Við kláruðum okkur miklu betur fyrir það að við vorum búnir að vera svo mikið á svigskíðum og vorum því miklu stöðugri en flestir af hinum keppendunum. Þeir áttu í miklu meiri erfiðleikum með að renna sér en við sem stóðum af okkur allar brekkur. Þannig áttum við ekki neinum vandræðum með að komast áfram – undan brekkunni allavega.

Þarna voru auðvitað menn

Lestu nýjustu fréttir daglega á www.bb.is

sem voru miklu betur þjálfaðir og miklu vanari þessum brekkum þarna úti. Við komum úr talsvert flatara umhverfi en brautirnar þarna voru ekkert annað en skógarstígar, tveir metrar og ekki það á breidd. Ef menn lentu í því að detta í brekku, þá fór tími í það að standa upp og ná ferðinni aftur. Þó nokkrir enduðu bara úti í skógi og þurftu að brölta upp í brautina aftur. En þetta kom ótrúlega vel út hjá okkur miðað við aðra.

Við máttum ekki keppa nema fjórir frá hverri þjóð í hverri grein. Ef viðmiðunin hefði verið önnur, þá voru Norðmenn og Svíar með fleiri hundruð skíðamenn í hverri grein, sérstaklega í göngunni, sem voru betri en við. Í boðgöngunni fóru einar 14 eða 15 sveitir af stað en þar höfnuðum við í 9. sæti.“

Skrítnir menn í Hljómskálagarðinum

– Var það ekki býsna góður árangur?

„Það var mjög þokkalegt. Að vísu stóðum við okkur betur í 18 km göngunni.“

– Höfðuð þið áður keppt á alþjóðlegu móti?

„Nei, þetta var fyrsta alþjóðlega keppnin sem við tókum þátt í. Við vorum þrír sem höfnuðum fyrir framan sextugasta sæti.“

– Var mikið fyrir því haft að velja menn héðan til fararinnar?

„Jájá, það voru lögð drög að þessu 1948 en þá er fenginn hingað sænskur skíðaþjálfari í því augnmiði að fara um landið og halda æfinganámskeið. Hann byrjaði í Þingeyjarsýslum, fór svo á Akureyri, síðan til Siglufjarðar og kom svo hingað. Þessi sænski kennari hét Axel Vigström og var mjög þekktur göngumaður í Svíþjóð. Hann var kominn á aldur þá en þetta var þindarlaus skratti langt norðan úr Svíþjóð.

Á landsmótinu 1949 var keppt í boðgöngu í fyrsta skiptið. Ég held að það hafi verið mikið fyrir hans áeggjan að það var send sveit út á Ólympíuleikana 1952 en hann taldi að við þessir fremstu hérna ættum fullt erindi þangað. En þegar að þeim undirbúningi kom var fenginn hingað haustið 1950 norskur kennari, Jóhannes Tennmann, sem fór sama rúntinn og Vigström. Hann er hérna á Ísafirði veturinn 1951. Þá var landsmótið haldið hér og þá er ákveðið að senda sveit á Ólympíuleikana 1952.

Tennmann kemur aftur um haustið 1951 og er hérna á Ísafirði. Þá er ákveðið hverjum ætti að gefa kost á að fara, miðað við að þeir ættu heimangengt, og það varð svo úr að við fórum þrír héðan. Hann er svo hérna fram undir jól þannig að þetta var mjög góður undirbúningur og vel að því staðið á þess tíma mælikvarða.

Við urðum fyrir því óláni að það var mjög lítill snjór hérna um haustið. En það var sama, við gengum hérna um fjöll og firnindi en komumst aldrei á skíði. Þetta var alveg hörmulegt ástand. Það var ekki fyrr en við vorum að fara út um áramótin að við lendum í þreifandi byl suður í Reykjavík og komumst á skíði í Hljómskálagarðinum. Þar fengum við tvo daga vegna þess að það fór engin vél út vegna veðurs.

Það héldu allir að þetta væru eitthvað skrítnir menn. Við bjuggum á Hótel Skjaldbreið rétt við Reykjavíkurtjörn og fórum bara á skíðunum út um dyrnar og löbbuðum í kringum Tjörnina og út í garð.“

Á höndunum niður tröppurnar og upp aftur

– Höfðuð þið næði til að æfa þegar þið komuð út?

„Já, eins og sagði var alveg ótrúlega vel að þessu staðið miðað við þennan tíma og að þetta var í fyrsta skiptið sem var send sveit út. Við lágum í hálfan annan mánuð fram að leikum í skíðaskála úti í skógi og æfðum. Auðvitað hjálpaði það okkur gríðarlega mikið enda vissi Tennmann, að eftir því sem við fengjum meiri æfingu þar, því betur stæðum við okkur. Það var honum mikið kappsmál að við stæðum okkur vel. Hann var fremur sérstæður sem þjálfari, var íþróttakennari að mennt og hafði m.a. lært úti í Þýskalandi. En hann var ekki í náðinni hjá norska skíðasambandinu og fékk ekkert að gera þar. Þess vegna var mikið í húfi að við stæðum okkur vel. Í rauninni var mikil pressa á honum því hann var búinn að sækja um vinnu hjá norska skíðasambandinu. Það var alveg klárt mál að þeir áttu ekki marga betri þjálfara eins og kom í ljós seinna.

Við stöndum okkur alveg þokkalega þarna á Ólympíuleikunum. Í framhaldinu er okkur boðið til Svíþjóðar til að taka þátt bæði á Skispelen og í Vasagöngunni, sem lyfti nú heldur betur brúninni á Tennmann. Þarna var boðið fjórum mönnum frá öllum þjóðum sem höfðu ekki áður sent göngusveit á Ólympíuleika. Menn frá ýmsum þjóðum voru þarna samankomnir, til dæmis Japanir og Rúmenar.

Við förum frá Osló til Falun í Svíþjóð og stöndum okkur alveg þokkalega vel þar. Svo þegar við komum til Osló aftur, þá liggur bréf heima hjá Tennmann þar sem honum var boðin staða upp í Hamar þannig að hann varð að rjúka þangað upp eftir strax daginn eftir. Þar var hann þangað til hann lést árið 1988.“

Tennmann var geysiöflugur á mörgum sviðum, var meðal annars mikill leikfimimaður og gekk bæði á höndum og fótum. Hann hafði gaman af því að skemmta sér og var oft mjög kátur en menn tóku honum misjafnlega. Ég man að við fórum með honum á ball í Alþýðuhúsinu og hann var

orðinn vel hress. Þá fer einhver að abbast upp á hann og kemur til einhvers orðaskaks eins og gengur. Þá koma að tveir lögreglumenn sem biðja hann um að fara, hann sé orðinn svo fullur.

Norðmaðurinn var ekkert á því og ber það af sér að vera eitthvað fullur – sem endar með því að hann labbaði niður tröppurnar á höndunum og upp aftur. Síðan segir hann við lögregluþjónana: Haldið þið að ég sé fullur? Maðurinn var náttúrlega bláedrú, bara í kátara lagi. En hinn ræfillinn var fullur.

Hann var mjög sérstakur maður og harður þjálfari. Rak menn beinlínis áfram, það þýddi ekkert annað, sagði hann. Ef þú ætlar að geta eitthvað, þá verðurðu að taka á. Og við bjuggum að þessu lengi á eftir.“

– Þið hafið verið með allra forfrömuðustu skíðamönnum þegar þið komið heima aftur.

„Já, við vorum það náttúrlega í göngunni – og svo voru líka tveir svigmenn héðan með okkur, þeir Jón Karl og Haukur Sigurðarson. En það má segja að hópurinn sem fór þarna út hafi verið sterkustu mennirnir í alpagreinum og í göngu mörg ár á eftir.“

– Þið hafið þá búið að þessari þjálfun á mörgum landsmótum?

„Já, þeir sem vildu það við hafa – og sumir fóru tvisvar út. Oddur bróðir minn og Jón Kristjánsson úr Þingeyjarsýslu fóru á heimsmeistaramótið í Falun í Svíþjóð 1954 og Ólympíuleikana í Cortina 1956. En þeir náðu ekki eins góðum árangri og við gerðum 1952.“

Betri þrekþjálfun að troða sjálfur

– Þú ert búinn að vera lengi að, en hefurðu alltaf haldið því að fara reglulega á skíði?

„Já, að vísu komu þarna nokkur ár þar sem maður var vinna meira. Við vorum tveir félagarnir með fyrirtæki, Ebeneser heitinn og ég, og svo var maður líka að koma upp heimili þannig að það var minni tími til að æfa. Hann hætti nú miklu fyrr blessaður, en ég þráaðist einhvern veginn við og hef haldið þessu áfram síðan. Sérstaklega síðustu 15 ár hef ég farið meira en ég gerði áður og mun reglulegar.“

– Tíðarfarið hefur ekki verið eins og best verður á kosið til skíðaiðkunar í vetur. Samt virðist manni að göngumönnum hafi tekist ótrúlega vel upp með að komast á skíði.

„Við erum það vel settir hér, við getum farið upp á heiði ef ekki gefur á skíðasvæðinu. Uppi við vegamót erum við komnir í 500 metra hæð og þar snjóar náttúrlega fyrst eins og gefur að skilja. Síðan erum við líka með mjög fína aðstöðu uppi á Seljalandsdal, þannig að snjóleysi háir ekki göngumönnum hér og hefur aldrei gert. Þetta er fyrirtaks aðstaða með troðnum brautum. Reyndar þurfum við að troða sjálfir uppi á heiði en það er líka bara betri þrekþjálfun.

– Er gangan í sókn hérna fyrir vestan?

„Já, við eigum geysigóða göngumenn og höfum átt í gegnum tíðina. En samt sem áður hafa dottið út alltof margir góðir menn, að manni finnst. Þetta krefst tíma, peninga og áhuga.“

Eigum geysimarga krakka á skíðum

– Hvað reiknarðu með því að geta verið lengi að í vetur?

„Ég veit það ekki – en við vorum á skíðum fram í júlí í fyrra og stundum höfum við verið fram undir ágúst. Sumarið 2001 fórum við á skíði alveg undir ágústbyrjun. En þá um vorið lenti ég í kransæðaveseni – það vill til að það eru ótrúlega margir læknar í kringum mann þannig að ég komst strax í aðgerð.“

–Tókstu ekki þátt í Vasagöngunni skömmu eftir það?

„Jú, ég var ákveðinn í því að fara út, hvort sem ég myndi keppa eða bara fylgjast með. En ég kláraði gönguna núna mánuðum eftir að ég var skorinn upp og skipt var um þrjár æðar. Með mér í hóp voru tveir læknar þannig að ég var í mjög góðum höndum. En þetta var ákveðið árið 1999 þannig að það var ekkert hægt að hætta við. Þá hafði ég farið með hóp af Akureyringum í Vasagönguna. Þar var læknir sem er reyndar tuttugu árum yngri en ég en við höfðum hist áður í Vasagöngunni 1983 þegar hann var við nám úti. Við slógum því föstu að hann myndi halda upp á fimmtugasta aldursár sitt í Vasagöngunni 2002 og ég myndi við sama tækifæri halda upp á að 50 ár væru liðin frá því að ég tók fyrst þátt í göngunni.“

Gunnar segir það hafa tekið á að ganga þessa vegalengd svo stuttu eftir aðgerðina. Allt hafi gengið upp en hann hafi verið lengi að ná sér á eftir. Gunnar segir bjart yfir gönguskíðaíþróttinni á Ísafirði.

„Við eigum þrjá mjög öfluga stráka sem eru úti að æfa. Samkeppnin er geysihörð og það er verið að keppa um sekúndur og sekúndubrot“, segir Gunnar. Hann kvíðir ekki framtíð greinarinnar en margir hafa fetað í fótsporin sem hann markaði í Osló fyrir liðlega hálfri öld og fjölmargir eru kallaðir til þess í dag.

„Mér finnst afar ánægjulegt að við eigum mjög marga krakka á skíðum. Það væri mjög gaman að sjá sem flesta halda áfram æfingum þegar grunnskólanum sleppir en á þeim tímamótum vilja margir detta út. Ég held að tilkoma skíðavalsins við Menntaskólann á sínum tíma hafi verið mjög góð ráðstöfun til að mæta þörfum þessa hóps. Við þurfum að vinna áfram í þeim anda“, segir Gunnar.

Einhverjir kunna að hafa talið þennan vetur ómögulegan til skíðaiðkunar sökum snjóleysis. En gamli Ólympíufarinn er á öðru máli og hyggst geysast áfram yfir fönnina af sama eldmóði og þegar hann steig fyrst á skíði um líkt leyti og fyrsta Skíðavikan var haldin á Ísafirði.

Óvíst er hvað færið endist lengi. En Gunnar verður með síðustu mönnum á Ísafirði til að leggja skíðunum þegar komið verður fram á sumar og meira að segja snjórinn uppi á heiði þarf að láta undan síga fyrir hlýjum sólargeislunum.

Meistarakokkar með fiskiveislu fyrir Súgfirðinga

Meistarakokkarnir Úlfar Eysteinsson og Rúnar Marvinsson ásamt aðstoðarkokki sínum, Sigurði Aðalsteinssyni, töfruðu fram fjölbreytilegar kræsingar í fiskiveislu sem fiskvinnslufyrirtækin Íslandssaga og Klofningur á Suðureyri buðu starfsfólki sínu og mökum þeirra til á laugardagskvöldið. Fjöldi fólks sótti veisluna og var þéttskipaður bekkurinn í félagsheimilinu á Suðureyri. Fjölbreytt skemmtiatriði voru í boði sem starfsmenn fyrirtækjanna höfðu sett saman. Auk þess mætti hin landsfræga gríndrottning Helga Braga Jónsdóttir til leiks og sýndi alþjóðlegan magadans. Kántrýsveitin Unaðsdalur lék síðan fyrir dansi fram til kl. 1 um nóttina. Eftir það hélt fólk út í vornóttina og fór ýmist til síns heima eða í önnur samkvæmi. Myndirnar frá fagnaðinum tók Páll Önundarson. Fleiri myndir munu birtast á svipmyndum á bb.is innan tíðar.

Rætt við gistivinina á Ísafjarðarflugvelli. Mynd: Þorsteinn J. Tómasson.

Neituðu að borga uppsett verð

Tveir menn sem höfðu gist á gistiheimili Auðar Ásbergs við Mánagötu á Ísafirði frá því um miðja síðustu viku hugðust á mánudagsmorgun, fara brott án þess að greiða nema helming skuldarinnar. Lögreglunni á Ísafirði var gert viðvart og var tekin skýrsla af mönnunum á Ísafjarðarflugvelli við brottförina.

Að sögn Árna B. Ólafssonar, sem er í forsvari fyrir gistiheimilið, báru mennirnir því við að verð sem þeim hefði verið gefið upp hefði verið fyrir herbergið en ekki fyrir manninn.

Fermingar um páskana

Ísafjarðarkirkja, skírdagur 17. apríl kl. 14:00
Anna Lucie Bjarnadóttir, Brunngötu 10
Anna María Guðjónsdóttir, Urðarvegur 53
Arnar Friðrik Albertsson, Skipagötu 16
Ágúst Arnar Þráinsson, Hlíðarvegi 45
Ásmundur Ragnar Sveinsson, Hafraholti 42
Baldur Þorleifur Sigurlaugsson, Góuholti 5
Emil Ragnarsson, Stórholti 9
Guðrún Auður Böðvarsdóttir, Seljalandsvegi 70
Hjalti Már Magnússon, Stakkanesi 16
Ólöf Anna Benediktsdóttir, Hjallavegi 3
Smári Alfreðsson, Seljalandsvegi 10
Stígur Berg Sophusson, Sundstræti 39
Telma Finnsdóttir, Urðarvegi 68

Holtskirkja, skírdagur 17. apríl kl. 14:00
Brynjólfur Óli Árnason, Vöðlum



Hólskirkja, skírdagur 17. apríl kl. 11:00
Rebekka Líf Karlsdóttir, Holtabrún 4
Salome Halldórsdóttir, Völusteinsstræti 9

Ísafjarðarkirkja, laugardaginn 26. apríl kl. 14:00
Arnór Smári Jónsson, Fjarðarstræti 57
Bjarki Bárðarson, Urðarvegi 31
Brynjar Þór Ingason, Fjarðarstræti 2
Davíð Halldór Barðason, Hafrafelli
Jón Kristinn Stefánsson, Pólgötu 5a
Margrét Þórdís Aradóttir, Fjarðarstræti 2
Steinar Bjarki Marinósson, Hrannargötu 10

Ísafjörður

Kajakleiga á skírdag

Kajakleigan Grænhöfði á Flateyri og Sæfari, félag áhugamanna um sjósport á Ísafirði, verða með kajakleigu í Suðurtanganum á Ísafirði á skírdag frá kl. 10 um morguninn og til kl. 21 um kvöldið. Þar geta allir fengið að prófa þetta sport undir leiðsögn reyndra kajakræðara.

Eins og nú horfir mun ekki veita af að hafa upp á sem flest að bjóða fyrir gesti Skíðaviku Ísfirðinga sem ekki tengist beinlínis skíðasvæðunum. Kajakleigan á skírdag er einn liðurinn í þeirri viðleitni.

smáar

Til leigu er 60m² íbúð á jarðhæð á eyrinni á Ísafirði. Upplýsingar í síma 896 3387 (Jón).

Til leigu eða sölu er stórt einbýlishús að Móholti 9 á Ísafirði. Uppl. í síma 896 2880.

Vantar þig að losna við Lego kubba en tímir ekki að henda þeim? Hvernig væri þá að koma þeim til safnara sem hugsar vel um þá. Hafðu samband í síma 869 9008.

Til sölu er ódýr rennibekkur. Uppl. í síma 456 3668.

Til sölu er Volvo fólksbíll árg. 88 og VW Golf árg. 93. Uppl. í síma 892 3896.

Til sölu er íbúð á miðhæð í norðurenda að Túngötu 3 á Ísafirði. Upplýsingar í símum 557 8561 eða 854 0035.

Til sölu er 5 mán. gamall hundur, Silki Terrier. Kostaði 130 þús. kr. en selst með verulegum afslætti. Öll vottorð fylgja. Upplýsingar í síma 823 9822.

Til sölu eru 33" sumardekk á kr. 25 þús. Uppl. gefur Violetta í síma 456 6245.

Til sölu er barnarúm, rimlarúm og kerra. Uppl. í símum 661 2902 og 899 0738.

Rauði kross Íslands óskar eftir notuðum tölvum fyrir sjálfboðaliða. Uppl. á skrifstofu Rauða krossins á Ísafirði s. 456 3180.

Til sölu er tölvuborð og kæliskápur. Selst ódýrt. Uppl. í síma 456 4028.

Ungt par vantar sófasett fyrir lítinn pening eða gefins. Uppl. í síma 866 2263.

Til sölu er Teutonia tvíbura- eða systkinavagn, aðskilin svefnaðstaða fyrir börnin. Uppl. í síma 899 3421.

Óska eftir ísskáp, ekki hærri en 140 cm. Uppl. í s. 822 1934.

Til sölu er Subaru Legacy, árg. 1998, ekinn 73 þús. km. Sumar- og vetrardekk fylgja. Uppl. í síma 891 7747 og 896 0558.

Til sölu er notuð Toyota prjónavél. Uppl. í síma 456 7160 og 456 7270.

Til sölu er 30 ltr. kæli- og frystikista fyrir 12V, 24V og 230V. Auk þess fylgir gas. Einnig er til sölu nýlegt 26" reiðhjól, 21 gíra. Uppl. í síma 456 7689.

MITAC

Hugver er eini sanþykkti dreifingaraðilinn fyrir Mitac tölvur á Íslandi

GULLMOLI

Á HLÆGILEGU VERÐI!

MITAC MINOTE 8640 MITAC

Intel Pentium 4
Sjálfstætt nvidia, 64 Mb skjákort, "TV-OUT"
Fráðær 15" skjár, SGA / SXGA+ upplausn
4 x USB 2.0 Firewire, PCMCIA
DDR vinnsluminni
Combo drif (DVD og skrifari)
12 selu lithium-ion rafhlaða
Minniskortalesari
Toshiba diskar
Innbyggt loftnet fyrir þráðlaust net (802.11x)

Allar samsetningar í boði:
Minni allt að 1024
Diskur upp í 60 Gb
Örgjörvi að 3,06 GHz

APRÍL TILBOÐ

2,4 GHz Pentium 4 örgjörvi
256Mb DDR vinnsluminni
30 Gb diskur
Windows XP Home

Kr. 159.670

AUKAHLUTIR

Tengi fyrir þráðlaus net
Fartölvutöskur
Talnalyklaborð
PCMCIA kort
Fartölvumýs og kúlumýs
Aukarafhlöður o.m.fl.

HUGVER

Vitastig 12 | 101 Reykjavík | Sími 562 6707 | hugver@hugver.is | www.hugver.is

Við berum ábyrgð

Vei þeim dómara er veit og sér víst hvað um málið réttast er
vinnur það þó fyrir vinsemd manns
að víkja af götu sannleikans.

Hafið þið heyrt eða lesið Passíusálmana? „Auðvitað!“ svara efalaust margir, „hvers konar spurning er þetta?“ En hafið þið virkilega lagt ykkur fram við að leita þar sannleikans? Það er alveg með ólíkindum hvað þessi 340 ára gamli boðskapur á erindi við okkur Íslendinga í dag. Aldrei síðan Hallgrímur færði sína lífsspeki í letur, fléttaða boðskap frelsarans, hefur píslarganga hins friðelskandi Íslendings verið þyngri.

Það er þyngra en tárum taki að þurfa að segja við sjálfan sig á hverjum morgni: „Hvað skyldi ég hafa drepið marga saklausa borgara í nótt?“ og fara svo til sinnar vinnu og mæta brosandi andlitum barnanna. Ekki aðeins íslenskra barna sem við viljum auðvitað ekki snerta hár á höfði, heldur einnig barna víða úr heimi sem til okkar hafa leitað vegna þess að við erum svo friðsöm og hamingjusöm þjóð.

Já, hin hamingjusamasta í heimi, því við þurfum ekki að ala upp syni okkar til að drepa annað fólk. Og dætur okkar geta haldið áfram að raula við börn sín eins og hún amma mín og allar mæður hafa gert.

Segðu ávallt sannleikann,
sinntu orðum mínum.
Vektu aldrei óhreinan
anda í huga þínum.

Já, ég hef reynt að segja börnunum sannleikann um þessa þjóð. Þar hafa hetjurnar ekki verið þeir sem drápu mann og annan heldur hinir sem báru klæði á vopnin. Þar hafa hetjurnar verið fólkið í landinu er barðist við að halda lífi og reisn með þjóðinni, en ekki höfðingjarnir sem í skjóli auðs síns og máttar gátu ráðið öllu. Þar voru hetjurnar þeir sem meira máttu sín en snerust á sveif með þjóðinni og börðust fyrir frelsi hennar. Ekki með vopnavaldi og blóðsúthellingum heldur með sína ritsnilld og samningalipurð að vopni.

Þannig hefði ég viljað sjá hina íslensku ráðamenn á þessari stundu. Hvað á ég að segja börnunum nú, því þau lifa sig inn í þetta stríð? Það er enginn óhultur.

„Veistu hvað?“ sagði lítil stúlka við mig fyrir stuttu. „Úti í löndum þurfa börnin að flýja undan sprengjunum ofan í kjallara og göng og fá engan mat. Og kannski þurfa þau að vera þar lengi, lengi og þá deyja þau öll.“ Og það sló miklum óhug á bekkinn því þessi börn eru í engu frábrugðin okkar alþjóðlega samfélagi, þau eru öll systkini okkar, það skynja börnin best. Já, hvað á ég að segja þeim?

Sannleikann. Að þessi þjóð hafi lengi verið svelt með viðskiptabanni af því að höfðingjunum líki ekki hvorum við annan. Síðan hafi annar ákveðið að frelsa þjóðina frá vonda karlinum með því að drepa sem flesta og eyðileggja húsin þeirra. Og komast yfir auðlindir þeirra, olíuna. Svo þegar allt er um garð gengið, hugga þau sem eftir lifa og segja: „Fyrirgefðu, anginn litli, anginn minn, ég ætlaði að skjóta hann pabba þinn.“ Nei, ég get ekkert af þessu sagt og síst af öllu að við Íslendingar styðjum þetta.

Við getum aðeins kveikt á kertum og beðið fyrir friði. Og það vona ég að sem flestir geri. Þar eru kirkjur landsins kjörnar til bænastunda og samveru. Mikið hefur verið rætt um skelegga ræðu séra Jakobs, en sóknarprestur minn hélt líka frábæra ræðu þennan sama dag. Við höfum einnig verið að koma saman hér í kirkjunni til bænastunda og Passíusálmalesturs. Vil ég þar sérstaklega þakka unglingum fyrir þeirra þátt. Hafa þessar stundir gefið mér og vonandi fleirum afskaplega mikið á þessum hryllingstímum.

Máttur bænarinnar er ótrúlegur og hef ég fyrir satt að nærmur maður suður í Keflavík hafi fundið fyrir bænarkrafti héðan að kveldi hins hörmulega dags 20. mars. Brosi hver sem vill. Og mjög víða um allan heim hafa verið haldnir friðarfundir, auðvitað misfjölmennir en allir einhuga að mótmæla stríði. Stríð sem háð er í trássi við hin alþjóðlegu lög Sameinuðu þjóðanna.

Hver er þá réttur barna okkar í framtíðinni ef óþroskaðir drengir í byssuleik út um allan heim geta hafið stríð þegar þeim hentar? Og sakleysingjar! eins og ráðamenn hér uppi á Íslandi „vinna það fyrir vinsemd manns að víkja af götu sannleikans“. Því það má miklu fórna til að vera vinur höfðingjanna.

Ég sé nú í DV að Bússi er talinn vinsælli en Saddi (eins og ég leyfi mér að kalla þá). Fyrir mig skiptir það litlu. Aftur á móti veit ég, að ef ég væri að taka á móti þeim í 6 ára bekk og þeir væru orðnir jafn brenglaðir á sálinni og nú, þá þyrfti ég að hafa mikinn tíma og mikla þolinmæði til að hjálpa þeim. En ég myndi gera allt sem ég gæti því við megum aldrei gefast upp í friðaruppeldinu. Við verðum að sýna menningu, siðum og trú annarra þjóða fullt umburðarlyndi. Ekkert er manninum heilagra en trúin og því er það grátlegt að báðir þessir menn fremji sína glæpi í nafni trúar. Það hefur einhverstaðar verið illa lesið.

„Sverðdauða sé er sekur, sverð án leyfis tekur.“ Það væri kannski reynandi að ríkisstjórnin okkar sendi þeim Passíusálmana að gjöf. Já auðvitað báðum, allir fá jafnt. Og áttið ykkur á því að þetta er alveg eins og með eineltið. Við sem sitjum hjá og horfum á erum líka þátttakendur. Við verðum að láta rödd okkar heyrast og mótmæla stríði leynt og ljóst. Langtum meiri hluti þjóðarinnar er á móti þessu stríði en þó er eins og aðeins lítill hluti þori að segja það upphátt.

Margar góðar raddir hafa þó heyrst og verð ég að nefna pistla Guðmundar Steingrímssonar, sem er nú að reyna að draga andann, úti í því hlutlausa landi Sviss, og safna eldmóði. Já, Ísland og Sviss, lengi var hægt að setja samasemmerki á milli þessara landa. En því miður, vináttan í vestri vó þyngra. Og hvað getum við gert? Jú, við kusum þessa stjórn. Við berum ábyrgð, hugsum um það!

Gleðilega páska!
– Þóra Þórðardóttir.

„Við sem sitjum hjá og horfum á erum líka þátttakendur“

Þóra Þórðardóttir, kennari við Grunnskóla Suðureyrar skrifar

Gerist áskrifendur í síma 456 4560

Kirkjuvörður

Ísafjarðarsókn auglýsir laust starf kirkjuvarðar. Starfið felst í umsjón með kirkjugörðum, kirkju og safnaðarheimili ásamt þátttöku í kirkjulegum athöfnum og safnaðarstarfi. Viðkomandi þarf að geta hafið störf 1. júní nk.

Umsóknir skulu hafa borist sóknarnefnd Ísafjarðarkirkju, pósthólf nr. 18, 400 Ísafirði, fyrir 1. maí nk. Upplýsingar veita Jens Kristmannsson, formaður sóknarnefndar og sr. Magnús Erlingsson, sóknarprestur.

Arnar G. Hinriksson hdl.
Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

Fasteignaviðskipti

Hef til sölu fasteignir víða á Vestfjörðum

Allar nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu

STAKKUR SKRIFAR

Skattalækkanir!

Að því kemur á fjögurra ára fresti, stundum oftar, því miður, að við kjósendur skiptum afar miklu máli. Allir áhugasamir um þingsetu, að ekki sé talað um ráðherrastóla, sýna okkur sérstaka athygli og setja fram gylliboð í bland við upprifjun eigin ágætis og fyrri verka. Loforð úr næstu kosningabaráttu á undan eru rifjuð upp og færð í nýjan búning, hafi ekki tekist að efna þau. Ofan á þessa framreiðslu er svo bætt úttekt á verk- og getuleysi annarra pólitíkusa og stjórnmálaflokka. Nú er komið að því eina ferðina enn. Skoðum þá hvað er í boði.

Sjálfstæðisflokkurinn reið á vaðið og bauð skattalækkanir. Á eftir fylgdu allir hinir flokkarnir, líka þeir er hafa fremur talið þörf skattahækkana, einkum á þá sem betur mega sín, eins og það er ætíð orðað. Vinstri grænir vilja líka lækka skatta eins og Samfylkingin. Hún enn er að útfæra leiðir til að koma hugmyndum sínum í framkvæmd. Kannski er fylkingin sú alltaf að leita að hugmyndum. Á undanförnum vikum hafa þær breyst nánast frá degi til dags. Ekki er á þeim bænum lengur talað um fjölþrepa skattkerfi. Nú er fremur stílað inn á millistéttina en þá lakast settu. Gætir þeirrar tilhneigingar hjá öllum flokkum og framboðum. Framsóknarflokkurinn fer varlega og segir sínar lækkanir kosta minnst eða um 15 milljarða og helmingi minna en Sjálfstæðisflokkurinn býður.

Allir biðla nú til öryrkja, aldraðra og barnafólks, sem margt hvert missti barnabætur sínar fyrir allmörgum árum þegar tekjutenging var tekin upp. Lofað er afnámi hennar hjá Samfylkingu og verulegri hækkun barnabóta hjá Vinstri grænum. En hvað erum við að tala um? Í fyrsta lagi þá staðreynd, að einhvers staðar verður að fá fé til reksturs hins opinbera, ríkis og sveitarfélaga, og enn spretta þeir peningar ekki á trjánum. Engar barnabætur verða greiddar neinum án skattheimtu, fremur en ellilífeyrir og örorkubætur. Hinu er ekki að leyna og það hafa skynsamir menn vitað mjög lengi, að venjulegu fólki er mun betur treystandi til þess að ráðstafa aflafé sínu en ríki og sveitarfélögum. Á því byggir Sjálfstæðisflokkurinn, en meiri forsjárhyggju gætir í tillögum hinna. Það verður að segjast eins og er, þótt ef til vill megi benda á að jafnræðisreglan sé brotin, að tekjutenging barnabóta veldur því, sem betur fer, að líkur eru til þess að hinir tekjulægri fái þær fremur en þeir sem nóg hafa fyrir. Þess vegna eru sterk rök fyrir tekjutengingu og því varasamt að rjúka í að afnema hana að lítt athugðu máli.

Ekki má yfirbjóða dýrustu þætti framkvæmdar skattheimtu svo, að verulegur kostnaður hljótist af og afleiðingin verði sú, að þeir sem minnst hafa missi mest. Sama er með afnám virðisaukaskatts af barnafötum, sem auðvitað er falleg hugmynd. En á þá ekki með sama hætti að lækka barnabætur? Eindregið er varað við margþrepa tekjuskatti sem flækir alla framkvæmd og gerir skattheimtu dýra. Minnt skal á, að staðgreiðslukerfið á Íslandi er einfalt, auðskiljanlegt og dregur úr áhrifum tekjubreytinga milli ára. Almenn lækkun virkar best, það er að skattprósenta verði lægri, næst hækkun persónuafsláttar og síðast auknar almennar bætur.

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í ***Bæjarins besta*** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum ***Stakks*** á meðan hann notar dulnefni sitt.

bb.is *– vefur allra Vestfirðinga!*

Íbúð til sölu!

Til sölu er 4ra herbergja íbúð á 3. hæð að Stórholti 7. Íbúðin er 117m² í góðu ástandi. Mjög fallegt útsýni. Upplýsingar í símum 456 4643 og 899 0743.

Þar sem púlsinn slær...

bb.is

Kosningabaráttan að komast í fullan gang

Þrjár skrifstofur opnaðar með viðhöfn á Ísafirði

Þrír stjórnmálaflokkar opnuðu kosningaskrifstofur á Ísafirði með hátíðlegum hætti í síðustu viku og um helgina. Sjálfstæðisflokkurinn reið á vaðið með opnun skrifstofu í verslunarhúsinu Neista, beint á móti Sjálfstæðishúsinu við Hafnarstræti.

Þar var mikið rennirí og var gestum boðið upp á sushi, sætabrauð og létta tónlist en ekki síst skoðanaskipti við framámenn flokksins á svæðinu. Þrír frambjóðendur, þau Sturla Böðvarsson samgönguráðherra, Einar Kristinn Guðfinnsson alþingismaður og Birna Lárusdóttir bæjarfulltrúi tóku á móti gestum og kynntu áherslur sínar fyrir komandi kosningar. Shiran Þórisson kosningastjóri flokksins á Vestfjörðum segir að fyrst um sinn verði skrifstofan opin kl. 16-21 virka daga. Líklegt megi telja að þegar nær dregur kosningum og fjör færist í leikinn verði opið lengur.

Frjálslyndi flokkurinn opnaði kosningaskrifstofu á Ísafirði síðdegis á föstudag. Skrifstofustjóri er Kristmann Kristmannsson. Opnunin var vel sótt enda hefur flokkurinn átt höfuðvígi sitt í hinu gamla Vestfjarðakjördæmi. Þar náði Guðjón Arnar Kristjánsson kjördæmakjöri í síðustu kosningum og fleytti þannig Sverri Hermannssyni inn á þing sem jöfnunarmanni eins og frægt varð.

Guðjón Arnar Kristjánsson á spjalli við gesti við opnun kosningaskrifstofu Frjálslynda flokksins á Ísafirði.

Ljóst virðist, bæði af skoðanakönnunum og með öðrum hætti, að flokkurinn á hvað mest fylgi á Vestfjörðum og í Norðvesturkjördæmi í heild enda standa sjávarútvegsmálin sem hann setur í öndvegi vestfirsku fólki og fyrirtækjum nærri. Raunar virðist andstaða við kvótakerfið eiga hljómgrunn víða meðal þjóðarinnar. Samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins sem birt var á mánudag eru 19,5% fylgjandi kerfinu en 80,5% andvíg.

Samfylkingin opnaði kosningaskrifstofu á Ísafirði á laugardag og voru margir mættir til að ræða við frambjóðendur, hlýða á tónlist, eta harðfisk og renna öllu saman niður með góðum kaffisopa. Ávarp flutti Jóhann Ársælsson, oddviti flokksins í Norðvesturkjördæmi, en að því loknu gengu gestir yfir á Kaffi Ísafjörð þar sem þeir Jóhann og Sigurður Pétursson sagnfræðingur og frambjóðandi héldu fund um sjávarútvegsmál. Eftir það voru Jóhann og Sigríður Ragnarsdóttir skólastjóri á Ísafirði, sem skipar 4. sæti listans, til viðtals á kosningaskrifstofunni.

Frá opnun kosningaskrifstofu Samfylkingarinnar á Ísafirði.

Guðmundur Þór Kristjánsson, umsjónarmaður kosningaskrifstofu Samfylkingarinnar á norðanverðum Vestfjörðum, segir greinilegt að sjávarútvegs- og atvinnumál brenni mjög á viðmælendum frambjóðendanna hér vestra. Sérstaklega líflegar umræður hafi orðið á fundi flokksins um sjávarútvegsmál.

„Þarna komu saman trillukarlar, sjómenn og útgerðarmenn sem fóru ánægðir út og sögðust sjá stefnu flokksins í nýju ljósi. Skemmtilegast í þessu er að þarna voru útgerðarmenn sem eiga kvóta og virtust ganga frá þessu nokkuð sáttir við stefnuna“, sagði Guðmundur.

Meðfylgjandi myndir voru teknar á tveimur skrifstofunum þegar þær voru opnaðar.

Heilsubærinn Bolungarvík og Fræðslumiðstöð Vestfjarða

Námskeið um manninn, umhverfi hans og líðan

Heilsubærinn Bolungarvík og Fræðslumiðstöð Vestfjarða gangast fyrir námskeiði á sviði forvarna og heilsueflingar dagana 25. og 26. apríl (föstudagskvöld og laugardagur). Á námskeiðinu sem haldið verður í Safnaðarheimilinu í Bolungarvík verður fjallað um líðan mannsins, hvernig umhverfið hefur áhrif á hann og hvað hann getur gert til að bæta líðan sína. Í tilkynningu segir að mikilvægt sé að þeir sem vinna að forvörnum og heilsueflingu komi saman og styrki tengslin í milli.

Fyrirlesarar verða fimm. Geir Gunnlaugsson, læknir og formaður félags áhugafólks um lýðheilsu, fjallar um lýðheilsu og mikilvægi forvarna og hverjir vinna að forvörnum. Sigrún Gunnarsdóttir hjúkrunarfræðingur ræðir um hugmyndafræði lýðheilsu og heilsueflingar og mat á árangri heilsueflingarverkefna. Hulda Proppé mannfræðingur ræðir um manninn og umhverfið. Magnús Ólason, endurhæfingarlæknir á Reykjalundi, fjallar um þráláta verki sem faraldur nútímans, og Þórarinn Sveinsson, lífeðlisfræðingur við Háskóla Íslands, ræðir um gildi hreyfingar í heilbrigðum lífsháttum.

Námskeiðið stendur kl. 18-22 föstudagskvöldið 25. apríl og kl. 9-16 laugardaginn 26. apríl. Fyrirtæki á norðursvæði Vestfjarða styrkja námskeiðið og því er námskeiðsgjald aðeins kr. 1.000. Þeir sem vilja sækja námskeiðið eru beðnir til að skrá sig sem fyrst. Skráning er í Fræðslumiðstöð Vestfjarða í síma 456 5025 eða á heimasíðu hennar.

Þristur

Véla & varahlutaverslun
Sindragötu 8

Höfum tekið við sölu á hestavörum og víngerðarefnum

Útgerðarvörur:
• Færakrókar
• Blýsökkur
• Dælur

Víngerðarefni:
• Léttvínsþrúgur
• Ger
• Kol

Hestavörur:
• Skeifur
• Múlar
• Saltsteinar

Bílavörur:
• Kerti
• Bremsur
• Viftureimar

Allt fyrir bílinn

Garðverkfæri, slöngur, slípivörur, boltar, skrúfur, lyklasmíði, verkfæri, olíur, spray (margir litir), bón, perur, rafgeymar og margt fleira. Kíktu við og skoðaðu úrvalið.

VERK VEST

Stjórnarkjör

Verkalýðsfélag Vestfirðinga auglýsir hér með eftir listum eða tillögum um menn í stjórnarsæti vegna kjörs stjórnar og trúnaðarráðs fyrir starfsárið 2003-2004 að viðhafðri allsherjaratkvæðagreiðslu.

Samkvæmt því ber að skila lista skipuðum formanni, varaformanni, gjaldkera og ritara ásamt 22 mönnum í trúnaðarráð, tveimur skoðunarmönnum reikninga og tveim til vara eða tillögum um menn í eitthvert, einhver eða öll stjórnarsætin, sem kjósa skal til. Hverjum framboðslista eða tillögu skulu fylgja meðmæli minnst 25 fullgildra félagsmanna.

Listum eða tillögum ber að skila á skrifstofu félagsins Pólgötu 2, Ísafirði, eigi síðar en kl. 12.00 á hádegi þriðjudaginn 22. apríl 2003.

Ísafirði 8. apríl 2003
Stjórn Verkalýðsfélags Vestfirðinga

Guðmundur Óskar Reynisson túlkar Trapp höfuðsmann í Söngvaseiði með glæsibrag

Kom í heiminn í faðminn á nunnu

Guðmundur Óskar Reynisson fer með hlutverk Trapps höfuðsmanns í söngleiknum Söngvaseiði (The Sound of Music), sem sýndur er um þessar mundir á Ísafirði. Ásamt hlutverki barnfóstrunnar Maríu, sem Guðrún Jónsdóttir óperusöngkona fer með, er þetta annað tveggja stærstu hlutverkanna í söngleiknum. Leikur og túlkun Guðmundar Óskars, öryggi hans og glæsimennska á sviðinu hafa vakið verðskuldaða athygli og aðdáun. Þess vegna kemur á óvart, að hann hefur aldrei fyrr stigið á leiksvið, hvað þá lært nokkurn skapaðan hlut í leiklist. Hins vegar hefur hann sungið nokkuð við ýmis tækifæri á liðnum árum. Guðmundur er rétt liðlega þrítugur, búsettur í Bolungarvík ásamt konu sinni, Önnu Maríu Ágústsdóttur, og tveimur ungum dætrum, Tinnu og Ingibjörgu. Hann hefur átt heima í Víkinni með smáhléum frá 1980 eða frá átta ára aldri. Guðmundur starfar hjá Fiskverkun Jakobs Valgeirs og kveðst hafa verið viðloðandi fiskvinnslu alla sína ævi. Nunnur og nunnuklaustur eru stór þáttur í Söngvaseiði. Því er gaman að geta þess, að Guðmundur Óskar fæddist hjá nunnunum í Stykkishólmi og það var nunna sem tók á móti honum í heiminn.

„Nei, ég hef aldrei stigið á leiksvið áður. Þetta er mín frumraun í þeim efnum. En ég hef víða sungið, bæði syðra og hér vestra, við brúðkaup og veisluhöld, í afmælum og við jarðarfarir“, segir Guðmundur Óskar.

– Ertu sjálfmenntaður eða hefurðu verið í söngnámi?

„Ég syng bara með mínu nefi, eins og sagt er, og hef aldrei stundað neitt söngnám.“

– Nú einkennist uppfærslan á Söngvaseiði af fagmennsku í hvívetna. Hvernig í ósköpunum fóru þeir sem að sýningunni standa að því að finna þig, mann sem hefur aldrei stigið á leiksvið?

„Ég var bara boðaður í söngprufu. Þau sem að þessu standa höfðu einhverjar spurnir af því að ég gæti sungið.“

Tekur á einkalífið og vinnuna

– Svo byrja æfingarnar hjá Þórhildi Þorleifsdóttur leikstjóra. Var það mjög framandi fyrir þig og erfitt eða gekk þetta allt upp frá byrjun?

„Ég fann strax að þarna var mikil fagmennska á ferðinni. Og mér líkaði það mjög vel. En ég bjóst nú ekki við því að æfingarnar yrðu svona stífar og strax gerðar til manns svo miklar kröfur. En það er reyndar umhverfi sem mér líkar vel að vinna í.“

– En erfitt?

„Já, á köflum. Þetta tók líka talsvert á einkalífið og vinnuna. Ég þurfti að sleppa svolítið úr vinnu og þetta sagði til sín í fjölskyldulífinu. Æfingarnar tóku allan tímann sem ég hefði getað verið með konunni og dætrunum.“

– Hvað var æfingatíminn langur fram að frumsýningu?

„Við komum fyrst saman milli jóla og nýárs. Síðan byrjaði þetta á fullu nærri hvern einasta dag frá 15. janúar.“

– Áður en þetta kom til – hafði nokkurn tímann hvarflað að þér að þú ættir eftir að leika í leikriti eða jafnvel söngleik? Var þetta kannski nokkuð sem þig hafði dreymt um?

„Nei, það hafði aldrei hvarflað að mér að ég ætti eftir að stíga á leiksvið. Það an af síður hjá svo merkum leikstjóra eins og Þórhildur Þorleifsdóttir er.“

Hálfhissa á sjálfum sér

– En nú ertu búinn að stíga fyrstu sporin á leiksviði. Heldurðu að nú verði aftur snúið?

„Mér finnst þetta mjög gaman. Það er aldrei að vita nema maður eigi eftir að gera það oftar. En sagan sjálf í þessu verki finnst mér sérstaklega skemmtileg, sagan um Maríu og Trapp höfuðsmann. Þetta er allt sannsögulegt og þetta fólk var til í raun og veru. Það er gaman að koma þessari sögu á svið og túlka hana.“

– Hvernig finnast þér viðtökurnar hafa verið hjá fólki sem hefur séð þig í sýningunni en vissi ekki til að þú ættir þetta til? Ekki frekar en þú sjálfur, ef til vill.

„Mér finnst fólk vera mjög ánægt með sýninguna. Og kannski svolítið hissa að ég skuli geta þetta, því að ég hef auðvitað enga reynslu. Ég er sjálfur hálfhissa að ég skuli hafa komist í gegnum þetta.“

– Þú ert eins öruggur og afslappaður á sviðinu eins og þú hafir aldrei verið annars staðar en á leiksviði.

„Þakka þér fyrir.“

– Þetta gildir reyndar yfirleitt um alla sem koma fram í sýningunni. Ef til vill er það fyrst og fremst vitnisburður um það hversu vönduð og traust leikstjórnin er.

„Já, þetta er svipað og með sönginn. Þó að búið sé að læra og æfa það sem á að flytja, þá er verkið aðeins hálfnað. Sjálfur flutningurinn er hinn helmingurinn.“

Sjálflærður söngmaður og dansmaður

– Varstu ungur þegar þú byrjaðir að syngja?

„Ætli ég hafi ekki verið kringum sautján ára aldur.“

– Þú hefur iðulega komið fram hér vestra og ekki aðeins sungið í einkasamkvæmum og við kirkjulegar athafnir.

„Já, ég hef sungið við jólahlaðborð og ýmsar uppákomur, svo sem í skemmtunum yfir kvöldverði á Ísafirði undanfarin fjögur ár. Þar á meðal voru sýningarnar Hippar, gleði og glimmer og Those Were the Days og fleiri slíkar.“

– Í sýningunni dansarðu eins og herforingi – eins og vera ber um höfuðsmann. Ertu mikill dansmaður?

„Ég hef ekkert lært dans. En það er taktur í mér og ég á auðvelt með að læra sporin. Þetta eru nú tiltölulega einfaldir dansar. En þetta er smart!“

Skeggið stingur konu og dætur

– Nú varstu skegglaus til skamms tíma. Í sýningunni ertu með vel snyrt alskegg eins og höfuðsmanni sæmir. Hvernig kanntu við það?

„Ég er ekki vanur að vera



með skegg og hef raunar aldrei áður safnað skeggi. Það er líka framandi fyrir mig. Ég hugsa að það verði mitt fyrsta verk, þegar sýningarnar eru afstaðnar, að raka það af mér. Ég vil vera eins og ég hef verið.“

– Varstu skikkaður til að safna skeggi gagngert fyrir hlutverkið?

„Já, ég er í yngsta lagi fyrir þetta hlutverk. Það þótti gera mig eldri í útliti að vera með skegg.“

– Hvernig kunna konan og dæturnar við skeggjaðan karl á heimilinu?

„Þeim fannst það dálítið skrítið fyrst, en það vandist. Þær vilja samt allar að það hverfi aftur. Þetta stingur!“

– Í ljósi þessarar reynslu – leitar það eitthvað á þig að fara í leiklistarnám eða söngnám?

„Þetta hefur vissulega ýtt undir það að mig langar til þess að fara að læra að syngja. Ég er sannarlega farinn að spá í það núna. En með leiklistina – ég býst síður við því að ég fari í slíkt nám.“

Geysileg vinna að baki sýningunni

– Nú hefur verið uppselt á allar sýningar og jafnan biðlistar.

„Já, sýningin hefur verið mjög vel sótt. Það finnst mér gott, fyrst og fremst vegna þess hversu geysileg vinna hefur verið lögð í þetta og mest í sjálfboðavinnu. Litli leikklúbburinn á miklar þakkir skildar fyrir að leggja út í alla þessa vinnu. Eins og að byggja þetta mikla leiksvið sem síðan verður væntanlega rifið. Það er mikill kostnaður á bak við þetta.“

– Hljómburðurinn? Nú er þetta húsnæði vissulega ekki hannað sem leikhús. En það er ef til vill kostur að salurinn er frekar breiður en langur.

„Hljómburðurinn mætti svo sem vera betri. En það er allt í lagi með hann. Það voru sett spjöld í loftið til að beina hljóðinu sína leið.“

Guðmundi Óskari Reynissyni virðist hugstæðara hvað aðrir hafa lagt af mörkum til sýningarinnar en hann sjálfur. Honum verður tíðrætt um allt það fólk sem komið hefur að þessu verki og unnið geysilegt starf, bæði á vegum Tónlistarfélags Ísafjarðar og Litla leikklúbbsins. Og það er ekki bara fólk á Ísafirði. Hann er sjálfur nærtækt dæmi um það. Fleiri eru úr Bolungarvík, nunnan Margrét Lilja Pétursdóttir og annar sviðsstjóranna, Sigurður Bjarki Guðbjartsson. Og síðan fólk úr öðrum grannbyggðum.

„Þarna er til dæmis heil fjölskylda í Súðavík, þau Esra og Lilja og Rúna dóttir þeirra“, segir Guðmundur. „Og hjónin í Botni í Súgandafirði, Helga Guðný og Björn Birkisson, sem bæði syngja og leika í verkinu. Þau hafa alltaf verið að koma með mat handa okkur og börnunum án þess að nokkur hafi beðið þau um það, bæði á æfingar og sýningar. Það er ótrúlegt hvað fólk leggur af mörkum. Þau hafa bæði komið með bakkelsi og heilu máltíðirnar. Og ekki neitt sjoppufæði.“

Sem dæmi um álagið segir Guðmundur að einu sinni hafi eitt barnið sofnað á sviðinu á æfingu. „En þetta hefur verið mjög skemmtilegt.“

– Þú sérð að minnsta kosti ekki eftir þessu?

„Nei, alls ekki. Þetta hefur verið mjög lærdómsríkur tími sem á eftir að lifa með mér um ókomin ár. Reynsla sem ég á eftir að búa að allt mitt líf.“

Lestu nýjustu fréttir daglega á www.bb.is

Birgir og Tryggvi handsala samkomulagið á teig fallegustu brautar landsins.

Golfklúbbarnir á Ísafirði og Þingeyri

Semja um gagnkvæmt fríspil

Golfklúbbur Ísafjarðar og Golfklúbburinn Gláma á Þingeyri hafa gert með sér samkomulag um gagnkvæm afnot af golfvöllum klúbbanna. Þar með hefur verið leystur að fullu ágreiningur um gagnkvæmt fríspil á völlunum.

Birgir Th. Karlsson, formaður Glámu, og Tryggvi Guðmundsson, formaður Golfklúbbs Ísafjarðar, töldu vel viðeigandi að ganga frá undirritun samkomulags við teig 7. brautarinnar í Meðaldal. Sú braut er almennt talin ein allra fallegasta braut íslenskra golfvalla. Í tímaritinu Golf á Íslandi var á síðasta ári viðtal við Edwin Rögnvaldsson golfvallaarkitekt, sem skoðað hefur alla golfvelli landsins. Þar er hann spurður hvort hann geti valið bestu holu landsins eftir þessa skoðun.

„Það eru einkum tvær holur sem mér finnast koma til greina. Önnur þeirra er vel þekkt, Bergvíkin á Hólmsvelli í Leiru, en hin hefur ekki fengið mikla athygli. Það er 7. brautin á Meðaldalsvelli hjá Golfklúbbnum Glámu á Þingeyri. Sú síðarnefnda hefur vinninginn hjá mér, aðallega vegna þess hve lítið þurfti að gera þar til að skapa þessa yndislegu golfbraut“, sagði Edwin.

Ísafjörður ber með sér blæ ferskleika þótt hann komi fyrirtækinu sem sýnir í sjálfu sér ekkert við.

Sjávarútvegssýningin í Boston

Myndir af Ísafirði notaðar sem tákn fyrir ferskleika og gæði

„Það var svolítið sérstakt að rekast á þessar myndir af heimabæ sínum á sýningarbás erlends fyrirtækis í Boston“, segir Jóhann Jónasson, framkvæmdastjóri hjá 3X-Stáli á Ísafirði, sem var meðal þátttakenda á alþjóðlegu sjávarútvegssýningunni í Boston fyrir skömmu. „Þetta fyrirtæki var að kynna sjávarafurðir sínar á sýningunni. Það hafði fengið þessar flottu myndir af Ísafirði hjá auglýsingastofu erlendis og fannst þær standa vel undir ímynd um ferskleika og gæði“, segir Jóhann, sem tók meðfylgjandi myndir.

Gamla Heiðrúnin frá Bolungarvík

Landar senn vestra á ný

Arnar Kristjánsson útgerðarmaður á Ísafirði hefur tekið Ingimund SH-335 á leigu hjá Guðmundi Runólfssyni hf. í Grundarfirði og hyggst gera hann út á rækju í samstarfi við Hraðfrystihúsið-Gunnvöru hf. Aflinn verður lagður upp í verksmiðju félagsins í Súðavík.

Arnar segir skipið hafa verið verkefnalaust og því hafi verið ákveðið að láta reyna á rækjuútgerðina en framhaldið verði síðan að ráðast. „Við verðum að sjá hvað gerist og hvort hægt verður að láta þetta ganga“, segir Arnar. Verið er að vinna að ráðningu áhafnar og verður Barði Ingibjartsson í Súðavík skipstjóri fyrst um sinn. Arnar segir áherslu lagða á að ráða heimamenn.

Ingimundur (ex Heiðrún ÍS 4) í höfn á Ísafirði.

Ingimundur var smíðaður í Skipasmíðastöð Marzellíusar Bernharðssonar á Ísafirði á áttunda áratug liðinnar aldar fyrir útgerð Einars Guðfinnssonar í Bolungarvík. Skipið sem er tæplega 300 brúttórúmlestir hlaut þá nafnið Heiðrún ÍS 4.

páskadagbókin

skemmtanir · fundir · fólk · sjónvarp · veður · íþróttir · fréttir · kirkjustarf

SJÓNVARPIÐ

Fimmtudagur 17. apríl

09.00 Morgunstundin okkar
09.01 Bláklukkukanínurnar (1:4)
09.27 Ballerína
09.38 Fagriskógur (8:10)
09.45 Franklín og græni riddarinn
10.58 Bangsímon
11.20 Elskarðu mig, mamma?
11.50 Ég minnkaði börnin, elskan
13.20 Landsmót á skíðum
14.30 Faust (1:2)
17.05 Leiðarljós
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Stundin okkar
18.25 Snjókross (8:10)
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Ísland í öðru ljósi. Hvernig hefur Ísland breyst frá því menn settust hér að árið 874? Hvar eru náttúruöflin að verki og hvar maðurinn? Hvaða áhrif hafa verklegar framkvæmdir haft á umhverfið allt frá því landnámsmenn breyttu rennsli Öxarár og fram til Kárahnjúka. Hvernig hefur ásjóna landsins breyst og hvað hefur valdið því? Hvaða hugmyndir um nýtingu náttúruauðlinda móta Ísland á nýrri öld? Í þessari nýju mynd leitar Hrafn Gunnlaugsson svara við áleitnum spurningum.
20.25 Sívagó læknir (1:2) *(Doctor Zhivago)* Bresk sjónvarpsmynd í tveimur hlutum byggð á sögu eftir Boris Pasternak. Seinni hlutinn verður sýndur á föstudagskvöld. *Meðal leikenda eru Hans Matheson, Keira Knightley, Sam Neill, Alexandra Maria Lara, Kris Marshall.*
22.20 Afar þögul mynd. *(A Very Very Silent Film)* Indversk stuttmynd um aðstæður fátækra kvenna. Myndin hlaut sérstök verðlaun dómnefndar á kvikmyndahátíðinni í Cannes í fyrra.
22.30 Notting Hill. Rómantísk gamanmynd frá 1999. Líf bóksala í London tekur stakkaskiptum þegar frægasta kvikmyndastjarna í heimi kaupir af honum bók. *Aðalhlutverk: Julia Roberts, Hugh Grant, Rhys Ifans og Richard McCabe.*
00.35 Fjölskyldumaðurinn. *(The Family Man)* Rómantísk gamanmynd frá 2000. Einhleypur kaupsýslumaður vaknar upp í nýjum veruleika einn góðan veðurdag. Þar er hann giftur gömlu kærustunni sinni, á með henni börn og vinnur við dekkjasölu hjá pabba hennar. Fyrst í stað saknar hann síns gamla lífs en svo fara að renna á hann tvær grímur. *Aðalhlutverk: Nicolas Cage og Téa Leoni. e.*
02.35 Dagskrárlok

Föstudagur 18. apríl

09.00 Morgunstundin okkar
09.01 Bláklukkukanínurnar (2:4)
09.27 Bingur kann ekki að fljúga
09.43 Fagriskógur (9:10)
09.52 Kirikou og galdrakerlingin
11.10 Bókaormur
12.30 Manolito
14.00 Faust (2:2)
16.15 At - Kosningar 2003
17.05 Leiðarljós
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Pekkóla (14:26)
18.30 Einu sinni var...
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Málarinn og sálmurinn hans. Kvikmynd eftir Erlend Sveinsson um Svein Björnsson listmálara. Myndin er hvorki ævisöguleg né listfræðileg úttekt, heldur fjallar hún um innri baráttu sem allir skapandi menn heyja í leit sinni. Þulur er Hjalti Rögnvaldsson.
21.25 Sívagó læknir (2:2)
23.20 Laumubrúðkaupið. *(The Clandestine Marriage)* Bresk gamanmynd frá 1999 byggð á leikriti frá 1776 um hefðarfólk sem hyggst gifta eldri dóttur sína aðalsmanni. *Aðalhlutverk: Nigel Hawthorne, Joan Collins, Timothy Spall, Tom Hollander og Paul Nicholls.*
00.50 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

Laugardagur 19. apríl

09.00 Morgunstundin okkar
09.02 Mummi bumba (16:65)
09.08 Stjarnan hennar Láru (3:13)
09.19 Engilbert (9:26)
09.30 Albertína ballerína (12:26)
09.45 Siggi og Gunnar (10:10)
09.52 Babar (5:65)
10.15 Harry og hrukkudýrin (8:8)
10.45 Viltu læra íslensku? (15:22)
11.15 Snjókross (8:10)
11.50 Formúla 1. Bein útsending frá tímatöku fyrir kappakstrinum í San Marino.
13.20 Þýski fótboltinn. Bein útsending frá leik í þýsku úrvalsdeildinni.
15.25 Mósaík
16.00 Ástríkur og Steinríkur
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Smart spæjari (30:30)
18.25 Flugvöllurinn (12:16)
18.54 Lottó
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.40 Laugardagskvöld með Gísla
20.25 Harry Potter og viskusteinninn. *(Harry Potter and the Philosopher´s Stone)* Sjónvarpsfrumsýning á Íslandi á ævintýramynd frá 2001 sem byggð er á sögu eftir J.K. Rowling um strákinn Harry sem gengur í galdraskóla og sýnir hvað í honum býr eftir að honum er bjargað úr illri vist hjá frændfólki. *Aðalhlutverk: Daniel Radcliffe, Rupert Grint, Emma Watson, Richard Harris, Maggie Smith og Robbie Coltrane.*
23.00 Málshöfðun. *(A Civil Action)* Biómynd frá 1998. Fjölskyldur sem hafa misst börn úr hvítblæði lögsækja leðurvinnslu fyrir að losa sig við eitruð úrgangsefni með ólögmætum hætti. *Meðal leikenda eru John Travolta, Robert Duvall, Tony Shalhoub, William H. Macy, Zeljko Ivanek, John Lithgow og James Gandolfini.*
00.55 Blóð og vín. *(Blood and Wine)* Spennumynd frá 1997 um auðugan vínkaupmann sem heldur fram hjá konu sinni og vanrækir son sinn. Eftir að hann stelur demantshálsfesti með félaga sínum fer að halla undan fæti hjá honum. *Aðalhlutverk: Jack Nicholson, Stephen Dorff, Jennifer Lopez, Judy Davis og Michael Caine.*
02.30 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

Sunnudagur 20. apríl

09.00 Morgunstundin okkar
09.01 Disneystundin
09.57 Bláklukkukanínurnar (3:4)
10.26 Fagriskógur (10:10)
10.36 Kobbi (6:13)
10.46 Franklín (63:65)
11.30 Formúla 1. Bein útsending frá kappakstrinum í San Marino.
14.00 Golf um allar jarðir. Árið 2005 er gert ráð fyrir að golfvellir í Noregi verði orðnir 210 og fjöldi þeirra hafi fjórfaldast á tíu árum. En sitt sýnist hverjum um réttmæti þess að leggja svo mikið land undir íþróttasvæði fyrir tiltölulega fámennan hóp. e.
14.30 Á grænni grein (3:3)
14.45 Botticelli
15.55 Mósaík
16.30 Maður er nefndur
17.05 Markaregn
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Stundin okkar
18.30 Erna á frænku í Afríku
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.30 Glefsur úr mannsins sögu. Í þættinum ræðir Kristján Kristjánsson við Þórarin Eldjárn rithöfund um sögur og sagnagerð, um lífið og listina og sviplegan sonamissi.
20.10 Mávahlátur. Árið 1952 flyst ung íslensk ekkja heim frá Bandaríkjunum og sest að hjá ættingjum sínum í útgerðarbæ. Hún þykir bæði fögur og dularfull og vekur mikla forvitni ungrar frænku sinnar. *Meðal leikenda eru Ugla Egilsdóttir, Margrét Vilhjálmsdóttir, Heino Ferch, Hilmir Snær Guðnason, Kristbjörg Kjeld, Edda Björg Eyjólfsdóttir, Bára Lyngdal Magnúsdóttir og Sigurveig Jónsdóttir.*
21.55 Titanic. Stórmynd frá 1997 um ríka stúlku og fátækan pilt sem fella hugi saman í jómfrúrferð stærsta farþegaskips sinnar tíðar, Titanic. *Aðalhlutverk: Leonardo DiCaprio og Kate Winslet.*
01.05 Feðgarnir. *(Man and Boy)* Bresk kvikmynd frá 2002. Kona yfirmanns á sjónvarpsstöð fer frá honum og tveggja ára syni þeirra eftir að hún kemst að því að hann hefur haldið fram hjá henni. *Aðalhlutverk: Ioan Gruffudd, Dominic Howell, Natasha Little og Elizabeth Mitchell. e.*
02.50 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

Mánudagur 21. apríl

09.00 Morgunstundin okkar
09.01 Bláklukkukanínurnar (4:4)
09.27 Flugnasúpan
09.54 Snuðra og Tuðra
10.04 Franklín (64:65)
10.27 Ævintýri Mikka
11.15 Pocahontas
12.50 Noi, Pam og mennirnir þeirra
14.05 Kysstu mig, Kata
16.30 Stikkfrí
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Myndasafnið
18.30 Spanga (24:26)
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Leitin að Rajeev. Heimildarmynd eftir Birtu Fróðadóttur og Rúnar Rúnarsson. Myndin fjallar um ferð Birtu til Indlands í leit að Rajeev, indverskum æskuvini sínum. Hún veit ekki hvar hann er staddur en upp á von og óvon heldur hún af stað til lands með um einn milljarð íbúa.
20.30 Móðir Teresa
21.30 Glæstar vonir. *(Great Expectations)* Biómynd frá 1998 byggð á sögu Charles Dickens sem hér er færð í nútímabúning. Ungur málari í New York verður ástfanginn af ríkri stúlku og leggur allt í sölurnar til að vinna ástir hennar. *Aðalhlutverk: Ethan Hawke, Gwyneth Paltrow, Hank Azaria, Chris Cooper, Anne Bancroft og Robert De Niro.*
23.20 Markaregn
00.05 Dagskrárlok

Fimmtudagur 17. apríl

08.00 Ali Baba
09.15 Barnatími Stöðvar 2
10.55 102 Dalmatians
12.30 Digging to China
14.05 Brink!
15.35 Star Wars Episode IV: A New
17.35 Universe (1:4)
18.30 Fréttir Stöðvar 2
19.00 Ruby Wax´s Commercial
19.30 Tonga
20.15 Jag (16:24)
21.05 Elton John at the Royal Opera. Íslandsvinurinn Elton John fór á kostum á þessum eftirminnilegu tónleikum í Royal Opera House í Covent Garden í Lundúnum.
22.10 Captain Corelli´s Mandolin. *(Mandólín Corellis kapteins)* Dramatísk ástarsaga. Pelagia er ung, grísk kona sem horfir á unnusta sinn hverfa til átaka í síðari heimsstyrjöldinni. Litla þorpið hennar er hertekið af Ítölum og Pelagia verður fljótt náinn vinur yfirmanns í setuliðinu. Vinskapurinn hefur ýmis vandkvæði í för sér og samband þeirra virðist ekki eiga neina framtíð. *Aðalhlutverk: Penélope Cruz, John Hurt, Christian Bale, Irene Papas.*
00.20 Foyle´s War. *(Stríðsvöllur Foyles)* Sakamálamynd. Christopher Foyle er rannsóknarlögreglumaður í Hastings á Suður-Englandi árið 1941. Hann vill ólmur ganga í herinn en yfirmenn hans setja honum stólinn fyrir dyrnar. Það er kannski eins gott því enginn er eins snjall við úrlausn sakamála og einmitt Foyle. Og þegar umtöluð kona í samfélaginu finnst myrt fær Foyle meira en nóg að gera. *Aðalhlutverk: Michael Kitchen, Edward Fox, Robert Hardy.*
02.00 Jakob, the Liar. *(Blekkingaleikur Jakobs)* Árið 1944 eru Pólverjar í heljargreipum Þjóðverja. Á kvöldin ríkir útgöngubann en gyðingurinn Jakob virðir það að vettugi og er handtekinn. Í varðhaldinu heyrir hann útvarpsfréttir af ógöngum þýska hersins í Sovétríkjunum. Þegar Jakob losnar úr haldi daginn eftir lætur hann tíðindin berast. Þau veita fólki von og Jakob ákveður að taka mikla áhættu og halda fréttaflutningnum áfram. *Aðalhlutverk: Robin Williams, Alan Arkin, Bob Balaban, Hannah Taylor Gordon, Michael Jeter.*
03.55 Tónlistarmyndbönd

Föstudagur 18. apríl

08.00 Barnatími Stöðvar 2
08.55 Tumi tígur
10.10 Prince of Egypt
11.50 Lizzie McGuire
12.10 The Flinstones in Viva Roc
13.35 The Miracle Maker
15.05 Reba (2:22)
15.25 Simply Irresistable
17.00 Guggenheim Museum
17.35 Universe (2:4)
18.30 Fréttir Stöðvar 2
19.00 Ruby Wax´s Commercial
19.30 Friends (15:24)
20.00 Friends (16:24)
20.25 Off Centre (1:7)
20.50 George Lopez (2:26)
21.15 American Idol (15:34)
23.10 Kiss of the Dragon. *(Koss drekans)* Spennumynd af bestu gerð. Liu Jian, kínverskur lögreglumaður, er sendur til aðstoðar frönsku lögreglunni í París. Starfsbræður hans þar reyna að klófesta kínverskan eiturlyfjasala sem hefur góð sambönd í Frakklandi. Liu Jian er allur af vilja gerður en uppgötvar fljótt að hjálpsemi hans er ekki öllum að skapi. Eiturlyfjasalinn á vini á æðstu stöðum og kínverska löggan á nú fótum fjör að launa. *Aðalhlutverk: Jet Li, Bridget Fonda, Tchéky Karyo.*
00.45 Being John Malkovich. *(Að vera John Malkovich)* Craig Schwartz fær vinnu á undarlegum stað og uppgötvar göng bak við skjalaskáp nokkurn á 7 1/2 hæð. Sá sem fer inn í göngin lendir umsvifalaust inni í vitund kvikmyndaleikarans Johns Malkovich og dvelur þar í 15 mínútur. Craig sér ótvíræða kosti í stöðunni og upphugsar aðferð til að græða á huga leikarans knía. Málin eru þó flóknari en svo og þrátt er Craig kom-inn í hálfgerða sjálfheldu með þessar ráðagerðir sínar. *Aðalhlutverk: John Cusack, John Malkovich, Cameron Diaz.*
02.35 Simply Irresistable. *(Alveg ómótstæðileg)* Rómantísk gamanmynd um Amöndu Shelton sem erfði notalegan veitingastað eftir móður sína. Amanda er enginn snilldarkokkur en heillar kúnnana með opnum persónuleika sínum. *Aðalhlutverk: Sarah Michelle Gellar, Sean Patrick Flanery, Patricia Clarkson, Dylan Baker.*
04.05 Friends (15:24)
04.25 Friends (16:24)
04.45 Tónlistarmyndbönd

Laugardagur 19. apríl

08.00 Barnatími Stöðvar 2
10.10 The Adventures of Elmo in Gro
11.20 Yu Gi Oh (13:48)
11.50 Bold and the Beautiful
12.50 Skítamórall
13.20 Alltaf í boltanum
13.45 Enski boltinn. Bein útsending.
16.10 Viltu vinna milljón?
17.10 Sjálfstætt fólk
17.40 Oprah Winfrey
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Lottó
19.00 Ruby Wax´s Commercial
19.30 Cats & Dogs *(Kettir og hundar)* Frábær fjölskyldumynd.
21.00 American Pie 2. *(Bandarísk baka 2)* Bráðsmellin gamanmynd þar sem skrautlegar persónur snúa aftur. Eftirminnilegt skólaár er að baki og nú er allt sumarið fram undan með stanslausum gleðskap. Krakkarnir láta ekki sitt eftir liggja en hér sannast enn og aftur að best er að ganga hægt um gleðinnar dyr. *Aðalhlutverk: Jason Biggs, Shannon Elizabeth, Alyson Hannigan, Chris Klein.*
22.50 Pearl Harbor. Sannsöguleg stórmynd sem hlaut Óskarsverðlaun fyrir tæknibrellur. Sunnudagsmorguninn 7. desember árið 1941 breyttist gangur seinni heimsstyrjaldarinnar. Japanar gerðu þá loftárás á Pearl Harbor og eftir það varð ekki aftur snúið fyrir Bandaríkjamenn. Í myndinni er varpað ljósi á þennan örlagaríka dag þegar Japanar komu bandaríska hernum í opna skjöldu. *Aðalhlutverk: Ben Affleck, Josh Hartnett, Kate Beckinsale, Alec Baldwin, Cuba Gooding Jr..*
01.45 Pirates Of Silicon Valley. *(Tölvuræsar)* Stórmerkileg sjónvarpsmynd um stofnendur tölvurisanna Microsoft og Apple. Saga þeirra er einstök því í byrjun benti fátt til þess að Bill Gates og Steven Jobs ættu eftir að valda byltingu í tölvuheiminum. Uppgangur fyrirtækja þeirra var með ólíkindum þótt menn hefðu stundum hrist hausinn yfir starfsaðferðunum. *Aðalhlutverk: Anthony Michael Hall, Noah Wyle, Joey Slotnik, John Di Maggio.*
03.20 What Dreams May Come. *(Hvaða draumar ykkar vitja) Aðalhlutverk: Annabella Sciorra, Robin Williams, Cuba Gooding Jr..*
05.10 Tónlistarmyndbönd

Sunnudagur 20. apríl

08.00 Barnatími Stöðvar 2
09.35 Gerð myndarinnar Litla lirfa
09.45 Litla lirfan ljóta
10.10 MVP: Most Valuable Primate
11.40 Joseph: King of Dreams
12.55 The Fantasticks verki
14.40 Chairman Of the Board
16.10 Geppetto
17.35 Universe (3:4)
18.30 Fréttir Stöðvar 2
19.00 Ruby Wax´s Commercial
19.30 David Blaine: Street Magic. Sjónhverfingameistarinn David Blaine á engan sinn líka. Í þessum ótrúlega þætti fer Blaine út á meðal fólksins og sýnir töfrabrögð sem eru lyginni líkust.
20.20 Sjálfstætt fólk
20.55 Moulin Rouge. Frábær dans- og söngvamynd sem líður mönnum seint úr minni. Sögusviðið er Rauða myllan, franskur næturklúbbur þar sem dásemdir lífsins eru í hávegum hafðar. *Aðalhlutverk: Nicole Kidman, Ewan McGregor, John Leguizamo, Jim Broadbent.*
23.00 Diamonds. *(Demantar)* Dularfull gamanmynd. *Aðalhlutverk: Kirk Douglas, Dan Aykroyd, Corbin Allred, Lauren Bacall.*
00.30 Four Weddings And A Funeral. *(Fjögur brúðkaup og jarðarför)* Hér segir af Charles sem er heillandi og fyndinn en virðist gjörsamlega ófær um að binda sig konu. Hann er dæmigerður Englendingur í þeim skilningi að hann getur ekki tjáð tilfinningar sínar. *Aðalhlutverk: Hugh Grant, Andie MacDowell.*
02.25 American Idol (15:34)
04.30 Tónlistarmyndbönd

Mánudagur 21. apríl

08.00 Barnatími Stöðvar 2
10.05 Leifur Eiríksson
11.35 Happapeningurinn
12.00 Larger Than Life
13.30 Reba (3:22)
13.50 Ensku mörkin
14.50 Star Wars Episode
17.10 Spin City (17:22)
17.35 Universe (4:4)
18.30 Fréttir Stöðvar 2
19.00 Ruby Wax´s Commercial
19.30 Friends 3 (16:25)
20.00 Bubbi á Borginni. Einstök kvöldstund með einum dáðasta tónlistarmanni þjóðarinnar. Bubbi Morthens mætti með gítarinn sinn á Hótel Borg og lék ljúfa og þægilega tónlist fyrir gesti. Bubbi hefur komið víða við og er óhræddur við að miðla af reynslu sinni.
21.05 Night Train. *(Næturlestin)* Fyrrverandi bókhaldara glæpakóngs í Dyflinni er sleppt úr fangelsi en glæpamennirnir telja sig hafa horn í síðu hans. Hann felur sig á litlu gistiheimili þar sem hann

Moulin Rouge er frábær dans- og söngvamynd frá árinu 2001 sem líður mönnum seint úr mynni. Sögusviðið er Rauða myllan, franskur næturklúbbur þar sem dásemdir lífsins eru í hávegum hafðar. Skáldið Christian hrífst af Satine, söng- og leikkonu sem er skærasta stjarnan í Rauðu myllunni. Hertogi nokkur er einnig orðinn hrifinn af Satine sem nú er á milli tveggja elda. Aðalhlutverk leika Nicole Kidman og Ewan McGregor. Myndin var tilnefnd til átta Óskarsverðlaun og hlaut tvenn. Moulin Rouge er sýnd á Stöð 2 kl. 20:55 á páskadagskvöld.

SPORTIÐ Í BEINNI...

Sjónvarpið

Laugardagur 19. apríl kl. 11:50
Formúla 1: Sýnt frá tímatökunni í San Marinó
Laugardagur 19. apríl kl. 13:20
Þýski boltinn: Leikur óákveðinn
Sunnudagur 20. apríl kl. 11:30
Formúla 1: Sýnt frá kappakstrinum í San Marinó

Sýn

Miðvikudagur 16. apríl kl. 18:45
Enski boltinn: Arsenal – Manchester United
Föstudagur 18. apríl kl. 13:45
Enski boltinn: Tottenham – Manchester City
Laugardagur 19. apríl kl. 19:15
Spænski boltinn: Real Madrid – Barcelona
Laugardagur 19. apríl kl. 02:00
Hnefaleikar: Floyd Mayweather jr gegn Victoriano Sosa
Mánudagur 21. apríl kl. 13:45
Enski boltinn: Chelsea – Everton
Þriðjudaginn 22. apríl kl. 18:30
Meistaradeild Evrópu: Barcelona – Juventus
Þriðjudaginn 22. apríl kl. 20:40
Meistaradeild Evrópu: Valencia – Inter Milan
Miðvikudagur 23. apríl kl.18:30
Meistaradeild Evrópu: Manchester United – Real Madrid
Miðvikudagur 23. apríl kl. 20:40
Meistaradeild Evrópu: AC Milan – Ajax

Lestu nýjustu fréttir daglega á www.bb.is

Langi Mangi café

AÐALSTRÆTI 22
SÍMI 456 3022

Ljósmyndasýning
Gómsæt Skíðavikuterta
Léttir réttir
Opnum snemma - Lokum seint

kynnist miðaldra konu náið en þau eru bæði á flótta undan raunveruleikanum. Skondin ástarsaga sem er örlítið öðruvísi en gengur og gerist. *Aðalhlutverk: John Hurt, Brenda Blethyn.*
22.40 60 mínútur
23.25 Ensku mörkin
00.20 Knock off. *(Falsarinn)* Hörkuspennandi mynd með slagsmálahundinum Jean-Claude Van Damme. *Aðalhlutverk: Jean-Claude Van Damme, Lela Rochon, Rob Schneider, Michael Fitzgerald.*
01.45 Spin City (17:22)
02.05 Friends 3 (16:25)
02.25 Tónlistarmyndbönd

SÝN

Fimmtudagur 17. apríl

16.00 NBA. Útsending frá leik ***Philadelphia 76ers*** og ***Washington Wizards.***
18.30 Western World Soccer Show
19.00 Pacific Blue (33:35)
20.00 Kraftasport
20.30 US PGA Tour 2003
21.30 US PGA Tour 2003
22.00 Football Week UK
22.30 Swann. Ljóðskáldið Mary Swann var myrt á hrottalegan hátt. Málið vekur mikla athygli en Mary var um margt einstök kona. Metsöluhöfundurinn Sarah Maloney ætlar að gera sér mat úr morðinu og hefur efnisöflun. *Aðalhlutverk: Miranda Richardson, Brenda Fricker, David Cronenberg.*
00.05 HM 2002. *(Túnis - Belgía)*
01.50 Dagskrárlok og skjáleikur

Föstudagur 18. apríl

13.45 Enski boltinn. Bein útsending frá leik ***Tottenham*** og ***Manchester City.***
16.00 Football Week UK
16.30 Trans World Sport
17.30 Diner. *(Kaffivagninn)* Hér eru vandamál uppvaxtaráranna til umfjöllunar en sögusviðið er Baltimore í Bandaríkjunum undir lok sjötta áratugarins. *Aðalhlutverk: Steve Guttenberg, Daniel Stern, Mickey Rourke, Kevin Bacon, Timothy Daly, Ellen Barkin.*
19.30 Kraftasport
20.00 Kraftasport
20.30 Ben Hur. Sannkölluð stórmynd sem sópaði til sín 11 Óskarsverðlaunum á sínum tíma. *Aðalhlutverk: Charlton Heston, Jack Hawkins, Stephen Boyd, Haya Harareet.*
23.55 Salome´s Last Dance. *(Síðasti dansinn)* Gamansöm og ljúfsár bresk kvikmynd. *Aðalhlutverk: Glenda Jackson, Stratford Johns, Nickolas Grace.*
01.25 Living In Peril.*(Í návist dauðans)* Arkitektinn Walter Woods er kominn til Los Angeles að hanna híbýli fyrir auðmann. Woods er fullur tilhlökkunar en verður fyrir vonbrigðum. Teikningar hans eru skemmdar og nýi vinnuveitandinn er óánægður með tillögurnar. Og vandræðin halda áfram. *Aðalhlutverk: Rob Lowe, James Belushi, Dean Stockwell.*
02.55 Dagskrárlok og skjáleikur

Laugardagur 19. apríl

14.00 Kraftasport
14.30 Kraftasport
15.00 Football Week UK
15.30 Trans World Sport
16.30 Fastrax 2002
17.00 Toppleikir
18.50 Lottó
19.15 Spænski boltinn. Bein útsending frá leik ***Real Madrid*** og ***Barcelona***.
21.20 Rocky. Heimsfræg Óskarsverðlaunamynd sem kom Sylvester Stallone á kortið. *Aðalhlutverk: Sylvester Stallone, Talia Shire, Burt Young.*
23.15 Rocky II
01.10 Hnefaleikar. Bein útsending frá hnefaleikakeppni í Kaliforníu. Á meðal þeirra sem mætast eru***Floyd Mayweather Jr.*** og ***Victoriano Sosa.***
04.00 Dagskrárlok og skjáleikur

Sunnudagur 20. apríl

14.00 Hnefaleikar. *(Endursýning).*
17.00 Home Alone 3
18.40 Meistaradeild Evrópu
19.35 Football Week UK
20.00 NBA. Bein útsending.
22.30 Divas Las Vegas
00.05 On Seventh Avenue.*(Á sjöunda stræti)* Tískufyrirtækið Briermere er við það að fara á hausinn en fjölmargir vilja sölsa undir sig fyrirtækið. Nadine Jacobs er framkvæmdastjórinn og bregður á það ráð að samþykkja kauptilboð tveggja. En hún kemst þó brátt að því að erfitt er að sigla á milli skers og báru í tískubransanum. *Aðalhlutverk: Wendy Makkena, Stephen Collins, Damian Chapa.*
01.30 Dagskrárlok og skjáleikur

Mánudagur 21. apríl

13.45 Enski boltinn. Bein útsending frá leik ***Chelsea*** og ***Everton***.
16.00 NBA
18.30 Ensku mörkin
19.30 Spænsku mörkin
20.30 Gillette-sportpakkinn
21.00 Rocky III
22.40 Rocky IV
00.10 Ensku mörkin
01.05 Spænsku mörkin
02.00 Dagskrárlok og skjáleikur

SKJÁREINN

Fimmtudagur 17. apríl

18:30 Fólk – með Sirrý (e)
19:30 Grounded for life (e)
20:00 Malcolm in the middle
20:30 Life with Bonnie
21:00 The King of Queens
21:30 Everybody Loves Raymond
22:00 Bachelorette
22:50 Jay Leno
23:40 Law & Order (e)
00:30 Dagskrárlok

Föstudagur 18. apríl

18:30 Guinness World Records (e)
19:30 Yes Dear (e)
20:00 Grounded for life
20:30 Popp & Kók
21:00 Law & Order SVU
22:00 Djúpa laugin
23:00 Will & Grace (e)
23:30 Everybody Loves Raymond
00:00 CSI: Miami (e)
00:50 The Dead Zone (e)
01:40 Jay Leno (e)
02:30 Dagskrárlok

Laugardagur 19. apríl

12:30 Listin að lifa (e)
13:30 Mótor (e)
14:00 Jay Leno (e)
15:00 Yes, Dear (e)
15:30 Everybody Loves Raymond
16:00 Djúpa laugin (e)
17:00 Survivor Amazon (e)
18:00 Fólk með Sirrý (e)
19:00 Cybernet (e)
19:30 Life with Bonnie (e)
20:00 Charmed
21:00 According to Jim
21:30 The Dead Zone
22:20 Leap Years
23:10 Law & Order SVU (e)
00:00 Philly (e)
00:50 Tvöfaldur Jay Leno (e)
02:20 Dagskrárlok

Sunnudagur 20. apríl

12:30 Silfur Egils
14:00 Life with Bonnie (e)
14:30 The King of Queens (e)
15:00 Charmed (e)
16:00 Boston Public (e)
17:00 Innlit/útlit (e)
18:00 The Bachelorette (e)
19:00 Popp og Kók (e)
19:30 According to Jim (e)
20:00 Yes Dear
20:30 Will & Grace Eitt sinn var feimin ung skólastúlka sem hét Grace. Hún fann Will inni í skáp í skólanum þeirra, hjálpaði honum út og síðan hafa þau verið óaðskiljanleg. Þau búa saman þó þau tali ekki alltaf saman en þegar þau þegja hjálpa vinir þeirra Jack sem er ávallt með flírulæti og Karen hin sídrukkna til við að rjúfa þögnina.
21:00 Practice. Bobby Donnell stjórnar lögmannastofu í Boston og er hún smá en kná. Hann og meðeigendur hans grípa til ýmissa ráða, sumra býsna frumlegra til að koma skjólstæðingum sínum undan krumlu saksóknara, þar á meðal hinnar harðskeyttu Helen Gamble sem er samt mikil vinkona þar og sannar þar með enn og aftur að vinna og skemmtun þarf ekki að fara saman (þó hún geti gert það).
21:50 Silfur Egils (e)
23:20 Listin að lifa (e)
00:10 Dagskrárlok

Mánudagur 21. apríl

18:00 Making of Jonny English. Sprenghlægileg heimildamynd um gerð myndarinnar Johnny English sem leikinn er af hinum eina sanna Rowan Atkinson.
18:30 Leap Years (e)
19:30 Malcolm in the middle (e)
20:00 Survivor Amazon. Allt iðar af lífi í frumskóginum við ána mikilfenglegu. Þar lifa stærstu kyrkislöngur heims sælar í grasinu, mannætufiskatorfur synda kátar um djúpin og fuglarnir syngja á hverjum morgni nýjum degi til dýrðar.
21:00 CSI Miami
22:00 Philly. Kathleen er fyrsta flokks verjandi, sannur riddari hringborðsins í leit að hinum heilaga kaleik réttlætisins. Ásamt félaga sínum berst hún harðri baráttu við hrokafulla saksóknara og dómara í von um að fá kerfið til að virka. Kathleen er líka einstæð móðir og barnsfaðirinn jafnframt helsti andstæðingur hennar og ofurfjandi, sjálfur aðalsaksóknari Fíladelfíuborgar.
22:50 Mótor
23:20 Jay Leno. Jay Leno sýnir fram á keisarans nekt á hverju kvöldi er hann togar þjóðarleiðtoga, frægt fólk og bara hversdagslega vitleysinga sundur og saman í háði. Síðan spjallar hann í rólegheitum um stjórnmál, kvikmyndir, saumaskap og gæludýrahald við gesti sína sem eru ekki af verri endanum, margverðlaunaðar stjörnur og stuðboltar.
00:10 The Practice (e) Bobby Donnell stjórnar lögmannastofu í Boston og er hún smá en kná.
01:00 Dagskrárlok

Hvað er að ske? Á helginni
UM PÁSKANA

PÁSKAR 2003 Á ÍSAFIRÐI
Jazz í Krúsinni

Með öllum gömlu góðu jazz geggjurunum
Villa Valla, Baldri Geirmunds, Gunnari Hólm
Magga Reyni og Óla Kristjáns

Fimmtudag 17. apríl frá 21 til 24
Jazz-kvöldvaka
Húsið opnar kl 20.00
Miðaverð 1000.-

Laugardag 19. apríl frá 19 til 03
Páska-jazzinn
Jazz-skemmtun fyrir matargesti
Matur, skemmtun og dansleikur
Ball eftir jazzinn. Baldur og Margrét skemmta

Föstudaginn langa frá 19 - 04
Páskadag frá 19 - 04
PÁSKAR 2003 Á ÍSAFIRÐI
B.G. SHOW
Söngdagskrá fyrir matargesti
Matur, skemmtun og dansleikur

B.G. SHOW
Ekta Ísfirsk skemmtun af bestu gerð.
Þar sem Baldur Geirmunds, Kalli Geirmunds, Sammi Einars, Margrét Geirs ásamt Gumma Hjalta riffa upp alla vinsælustu BG smellina sem þeir gáfu út á plötum ásamt öðrum vinsælum lögum þeirra á yfir fjörtíu ára ferli.
Frábær matur - Stórgóð skemmtun - Dúndurball
EFTIR MATINN DANSAÐ TIL 04.
BALDUR OG MARGRÉT SKEMMTA FYRIR DANSI BÆÐI FÖSTUDAGINN LANGA OG PÁSKADAG
Byrjað að taka á móti pöntunum í síma 4564505 frá klukkan 10 -18.

veðrið

Horfur á fimmtudag:
Suðaustan 10-15 m/s suðvestantil, en annars austlæg átt 5-10 m/s. Skýjað með köflum norðan- og norðvestanlands, en annars súld eða rigning.
Horfur á föstudag:
Suðaustan 10-15 m/s suðvestantil, en annars austlæg átt 5-10 m/s. Skýjað með köflum norðan- og norðvestanlands, en annars súld eða rigning.
Horfur á laugardag:
Suðvestlæg átt og rigning eða skúrir, en skýjað með köflum norðanlands.
Horfur á sunnudag:
Suðvestlæg átt og rigning eða skúrir, en skýjað með köflum norðanlands.

kirkja

Þingeyrarkirkja:
Helgistund kl. 11:00 á föstudaginn langa. Páskamessa kl. 08:00 á páskadag. Morgunverður strax á eftir. Páskahelgistund kl. 11:00 á páskadag í Tjarnarkapellu á dvalarheimilinu Tjörn á Þingeyri.
Mýrakirkja:
Guðsþjónusta kl. 16:00 á páskadag.
Ísafjarðarkirkja:
Fermingarmessa á skírdag kl. 14:00. Hátíðarmessa á páskadag kl. 09:00. Kaffi á eftir.
Hnífsdalskapella:
Hátíðarmessa á páskadag kl. 11:00.
Fjórðungssjúkrahúsið:
Guðsþjónusta á föstudaginn langa kl. 15:00 í salnum.
Holtskirkja:
Fermingarguðsþjónusta á skírdag kl. 14:00.
Flateyrarkirkja:
Páskaguðsþjónusta á páskadag kl. 09:30.
Suðureyrarkirkja:
Hátíðarguðsþjónusta kl. 11:00 á páskadag.
Súðavíkurkirkja:
Hátíðarguðsþjónusta kl. 14:00 á páskadag.
Ögurkirkja:
Hátíðarguðsþjónusta kl. 16.30 á páskadag.
Vatnsfjarðarkirkja:
Páskaguðsþjónusta á annan dag páska kl. 14:00. Aðalsafnaðarfundur eftir messu.

Fasteignaviðskipti
TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL
Hafnarstræti 1 – Ísafirði
Símar: 456 3940 & 456 3244
Fax: 456 4547 – Netfang: tryggvi@snerpa.is
Heimasíða: www.bb.is/tg

Vantar eignir á skrá

Einbýlishús/raðhús:
Hlíðarvegur 37: 185,9 m² raðhús á þremur hæðum ásamt bílskúr og einstaklingsíbúð. Skipti á minni eign koma til greina. **Verð 10,2 m.kr.**
Hnífsdalsvegur 10: 120,9 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt grónum garði og eignarlóð. **Laust fljótlega. Verð 4,8 m.kr.**
Norðurvegur 2: 150,1 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt kjallara og ræktaðri eignarlóð. **Verð 11,5 m.kr.**
Urðarvegur 33: 306,3 m² glæsilegt einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. **Verð 16 m.kr.**

4-6 herbergja íbúðir:
Aðalstræti 26a: 137,2 m² 5 herbergja íbúð á jarðhæð í þríbýlishúsi ásamt bílskúr og eignarlóð. **Verð 5,9 m.kr.**
Fjarðarstræti 4: 119,5 m² 4ra herbergja íbúð í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. **Tilboð óskast**
Fjarðarstræti 14: 100 m² falleg 4ra herbergja íbúð á n.h. í tvíbýlishúsi ásamt 60m² kjallara og 27,8 m² geymsluskúr. Baklóð fylgir neðri hæðinni. Húsið allt ný klætt og einangrað. Áhv. ca. 1,5 m.kr. **Verð 6,8 m.kr.**
Hlíðarvegur 29: 100,7 m² 5 herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi
Verð 6,9 m.kr.
Stórholt 11: 122,9 m² 4ra herbergja íbúð á 3.h.t.v. í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu og bílskúr. Skipti á minni eign möguleg. **Verð 7,5 m.kr.**

3ja herbergja íbúðir:
Fjarðarstræti 6: 113,5 m² 3ja herbergja íbúð í fjölbýlishúsi ásamt geymslu. **Tilboð óskast**
Aðalstræti 15: 98,6 m² íbúð á tveimur hæðum í norðurenda í fjölbýlishúsi. **Tilboð óskast**
Engjavegur 31: 92,1 m² 3ja herb. íbúð á n.h. í tvíbýlishúsi í góðu standi. **Verð 5,8 m.kr.**
Fjarðarstræti 38: 3-4ra herbergja íbúð að hluta undir risi. Íbúðin er í góðu standi. **Verð 4,5 m.kr.**
Hlíf II Torfnesi: 62,5 m² 2ja-3ja herbergja íbúð á jarðhæð í Dvalarheimili aldraðra. **Verð 7,1 m.kr.**
Pólgata 6: 55 m² risíbúð á 3ju hæð í fjölbýlishúsi. **Verð 3,9 m.kr.**
Silfurgata 11: 56,2 m² (75m² gólfflötur, mikið rými í risi). Björt og glæsileg íbúð með frábæru útsýni. Ótrúlega hagstæð í rekstri. Áhv. ca. 3,4 m.kr. **Verð 5,8 m.kr.**
Stórholt 11: 72,6 m² íbúð á jarðhæð í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu **Verð 3 m.kr.**
Stórholt 13: 79,2 m² íbúð á 3ju hæð til hægri í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. Skoða öll tilboð. Möguleiki að taka bíl uppí. Áhv. ca. 3 m.kr. **Verð 5,5 m.kr.**
Urðarvegur 49: 102,5 m² kjallaraíbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi **Tilboð óskast**

2ja herbergja íbúðir:
Fjarðarstræti 55: 66,1 m² íbúð á 2. hæð í fjölbýlishúsi ásamt geymslu **Tilboð óskast**
Hlíðarvegur 27: 49,9 m² íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Áhv. ca. 555 þús.kr. **Verð 3 m.kr.**

Suðureyri:
Aðalgata 16: 133 m² uppgert skrifstofuhúsnæði á neðri hæð í tvíbýlishúsi. **Verð 3 m.kr.**

Bolungarvík:
Holtabrún 5: 184,8 m² fallegt einbýlishús á einni hæð ásamt 51 fm kjallara og 34,5 fm bílskúr. **Tilboð óskast**

Þingeyri:
Vallargata 14: 115,6 m² raðhús á einni hæð ásamt bílskúr **Tilboð óskast**
Vallargata 16: 115,6 m² raðhús á einni hæð ásamt bílskúr **Tilboð óskast**

Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskránni. Allar frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1 og á heimasíðu okkar: www.bb.is/tg

ÓNÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: bb@bb.is • Verð kr. 250 m/vsk

Bolungarvík

Valinn Matreiðslunemi ársins 2003

Halldór Karl Valsson úr Bolungarvík var valinn annar af tveimur Matreiðslunemum ársins á Íslandi í forkeppni fyrir norrænu nemakeppnina sem haldin verður í Svíþjóð að ári. Titilinum deilir Halldór með Sigurði Daða Friðrikssyni á Tveimur fiskum.

Halldór er í starfsnámi á Hótel Sögu og gerir ráð fyrir að ljúka sveinsprófi eftir hálft annað ár. Halldór segist hafa fengið jákvæð viðbrögð við útnefningunni. Hún hafi meðal annars hjálpað honum að komast í starfsnám á veitingastaðnum Seagrill í Brüssel sem er skrýddur tveimur Michelin-stjörnum.

Breytingar á innheimtuferli Ísafjarðarbæjar fyrirhugaðar

Milliinnheimta á Ísafirði mun skapa vel launuð störf

Tryggvi Guðmundsson, lögmaður á Ísafirði, hefur hreyft þeirri hugmynd við Ísafjarðarbæ, að lögfræðistofa hans hafi forgöngu um að veita þá þjónustu sem nefnd er milliinnheimta.

„Þar sem nú stendur fyrir dyrum veruleg breyting innan bæjarskrifstofu með stofnun sjálfstæðs fyrirtækis um rekstur fasteigna sveitarfélagsins, sem verið hafa félagslegar eignir til þessa, er eðlilegt að leitað sé sem hagkvæmastra leiða við reksturinn, þar á meðal við innheimtuferli reikninga fyrirtækisins og spilin stokkuð upp á nýtt. Meðal annars mun vera í skoðun að flytja milliinnheimtu út til annarra stofnana, banka eða milliinnheimtufyrirtækja eins og Intrum“, segir Tryggvi í bréfi til Ísafjarðarbæjar.

„Ísafjarðarbær hefur heldur átt undir högg að sækja að undanförnu hvað atvinnu snertir og eitt af forgangsmálum bæjarstjórnar hefur eðlilega verið að reyna að leggja sitt af mörkum til að auka atvinnuframboð á svæðinu. Jafnframt hefur verið lögð mikil áhersla á að leita fremur til heimamanna en suður til Reykjavíkur, séu heimamenn á annað borð samkeppnisfærir um þau verkefni sem um ræðir. Það er hins vegar gömul saga og ný, að landsbyggðin hefur oft leitað suður yfir lækinn til að ná í vatnið í stað þess að nýta það á staðnum. Hefur þetta ýmist stafað af gömlum vana, hugsunarleysi eða jafnvel gamalgróinni minnimáttarkennd. Sem betur fer eru slík vinnubrögð á undanhaldi“, segir Tryggvi meðal annars í bréfi sínu.

Í framhaldinu reifar Tryggvi áðurnefnda hugmynd um að fyrirtæki hans hafi forgöngu um að veita fulla þjónustu fyrir milliinnheimtu fyrir þá aðila sem þess vildu njóta. Hann segir einnig koma til greina af sinni hálfu að um þetta yrði stofnað sérstakt fyrirtæki þar sem stærstu þjónustuaðilar yrðu meðeigendur. Tryggvi leggur síðan á það áherslu, að við þetta yrðu til eitt eða tvö vel launuð störf í bænum. Einnig getur hann þess, að staðarþekking sé starfsemi sem þessari mjög mikilvæg, sem ekki væri fyrir hendi ef þjónusta þessi færi til Reykjavíkur.

Erindi Tryggva var lagt fram á fundi bæjarráðs í síðustu viku. Bæjarstjóra var falið að ræða við hann um málið.

Stuttar af bb.is

Bifreið lenti á stórgrýti

Bifreið stórskemmdist eftir henni var ekið á stórgrýti sem fallið hafði niður á veginn um Sjötúnahlíð í austanverðum Álftafirði um miðja síðustu viku. Tilkynning barst um óhappið gegnum Neyðarlínu og var fyrst talið að ökumaðurinn, sem var einn í bílnum, væri slasaður. Svo reyndist ekki vera en hann kenndi eymsla undan öryggisbelti. Bíllinn var hins vegar stórskemmdur. Vegagerðin kom á vettvang með öflugt tæki til að fjarlægja bjargið af veginum.

Fleiri konur án atvinnu

Atvinnulausir á Vestfjörðum eru nú 101 talsins skv. upplýsingum frá Svæðisvinnumiðlun Vestfjarða. Það er svipaður fjöldi og verið hefur. Heldur fleiri konur eru atvinnulausar eða 59 talsins meðan karlarnir eru 42. Flestir eru skráðir atvinnulausir á Ísafirði eða 42. Í Súðavík eru 7 á skrá, 5 á Suðureyri og 16 í Bolungarvík. Á Þingeyri eru 2 á skrá en enginn á Flateyri. 10 eru skráðir atvinnulausir á suðursvæði Vestfjarða, flestir á Patreksfirði. Í Strandasýslu eru 16 á atvinnuleysisskrá.

Shiran ráðinn til D-listans

Shiran Þórisson hefur verið ráðinn kosningastjóri D-listans á Vestfjörðum. Frá þessu var greint við opnun kosningaskrifstofu Sjálfstæðisflokksins í verslunarhúsinu Neista á Ísafirði síðdegis á miðvikudag í síðustu viku. Þar var gestum boðið upp skoðanaskipti við framámenn flokksins á svæðinu.

Úlfar Ágústsson og Jóhann Ólafson hjá Björgunarfélagi Ísafjarðar.

Úlfar í Hamraborg með nýjung á Ísafirði

Nokkurra daga útibingó

Til stendur að spila nýstárlegt bingó á Ísafirði um páskana. Þetta verður útibingó sem stendur í tvo til þrjá daga. Upphafsmaðurinn er Úlfar Ágústsson í Hamraborg en Björgunarfélag Ísafjarðar mun reka bingóið til fjáröflunar. Í stað þess að sitja í sal og spila kaupir fólk sér spjöld og leggur upp í ferð um nágrennið þegar því hentar og finnur tölurnar.

Bingói þessu kynntist Úlfar úti á Spáni en það er upprunnið í Linköping í Svíþjóð, vinabæ Ísafjarðarbæjar og þangað sótti Úlfar það. „Mér fannst afskaplega sniðugt að kaupa spjald og fara með það í göngutúr með vinum mínum um nágrennið, stoppa á nokkrum stöðum og merkja við ef ég var með sömu tölur og héngu uppi í tré eða einhvers staðar í glugga. Þegar ferðinni lýkur er komið í ljós hvort þú hefur fengið bingó eða ekki.“

Vinningar í „trimmbingóinu“ á Ísafirði verða vöruúttektir allt frá 30 þúsund krónum og niður í 1.500 krónur.

Hreppsnefnd Súðavíkurhrepps

Samþykkir skipulag fyrirtækjagarða

Hreppsnefnd Súðavíkurhrepps hefur samþykkt deiliskipulag fyrir nýtt iðnaðarhverfi eða svokallaða fyrirtækjagarða frammi á Langeyri. Alls verða þar til sjö nýjar lóðir fyrir atvinnustarfsemi. Ómar Már Jónsson sveitarstjóri segir tillöguna hugsaða sem skipulag til framtíðar. Þar sé gert ráð fyrir mun fleiri lóðum en verði nýttar í fyrstu atrennu en hann sé bjartsýnn á að þar muni rísa veglegt atvinnuhverfi.

„Nú er búið að samþykkja deiliskipulagstillöguna og næsta skref er að vinna að frumdrögum að byggingum sem sýna innra skipulag og yfirbragð fyrirhugaðara húsa ásamt því að greina fjölda og stærð þeirra sem byggja á í fyrstu atrennu. Sveitarfélagið þarf að byggja fyrir sig og það eru aðilar hér sem hafa áhuga á að reisa hús fyrir atvinnustarfsemi. Eins hefur heyrst af utanaðkomandi aðilum sem hefðu áhuga á að staðsetja sig hér þó það liggi ekkert fyrir um það í dag“, Ómar.

Frá Súðavík.

Ætlunin er að móta fyrirtækjavænt umhverfi í hreppnum og segir Ómar Már næsta verk verða að meta þarfir atvinnulífsins fyrir aðstöðuna. „Í þeirri vinnu munum við verða í sambandi við fjölmarga aðila. Sveitarfélagið ætlar líka að vera með tilbúið rými til sölu eða útleigu þannig að aðilar sem hyggja á rekstur þurfi ekki að bíða heldur geti gengið hér beint inn í tilbúna aðstöðu. Við munum að öllu leyti reyna að vera með aðlaðandi umhverfi þar sem fólk sér sér hag í að vera með rekstur. Það eru miklar væntingar bundnar við þetta verkefni og við munum leggja okkur fram um að það takist vel“, sagði Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri.